

BJARNI BENEDIKTSSON:

ÓLAFUR THORS



SÉRPRENTUN ÚR ANDVARA,
91. ÁR, 1966.

BJARNI BENEDIKTSSON:

ÓLAFUR THORS

Ólafur Thors var fæddur í Borgarnesi 19. janúar 1892. Hann var hinn fjórði í röð tólf barna þeirra hjóna Margrétar Þorbjargar Kristjánsdóttur og Thors Jensens.

Thor Jensen var fæddur hinn 3. desember 1863 í Kaupmannahöfn, sonur Jens Cristians Jensens, byggingameistara, og síðari konu hans Andreu Louise, dóttur Andreas Vilhelms Mortens, kennara í Raavad á Norður-Sjálandi. Thor var hinn fjórtándi í röð sextán barna Jens Cristians Jensens. Jens Cristian var sonur Ole Jensens, sem um skeið rak gistihús í Kaupmannahöfn, en mun aðallega hafa stundað sjómennsku. Ole var fæddur 1780 í Helsingör og drukknaði 1817. Sonur hans Jens Cristian fæddist 1811 og dó 1872. Hann var athafnasamur byggingameistari, vel efnaður um skeið, en missti eigr sínar í fjárhagsörðugleikum þeim, sem í Danmörku fylgdu í kjölfar ósigursins í Slésvíkurstríðinu 1864.

Thor Jensen ólst því upp við fremur kröpp kjör, fór snemma að heiman, var um hrið á heimavistarskóla og var ungur að árum sendur sem verzlunar-lærlingur í Brydes-verzlun á Borðeyri við Hrútafjörð. Þar kynntist hann brátt Margréti Þorbjörgu Kristjánsdóttur, sem hafði flutzt á þessar slóðir með móður sinni, Steinunni Jónsdóttur, eftir lát manns Steinunnar og föður Margrétar, Kristjáns Sigurðssonar, bónða í Hraunhöfn á Snæfellsnesi. Hann drukknaði í Búða-ós í sumarbyrjun árið 1868, þá á bezta aldri. Margrét var fædd hinn 6. september 1867 í Hraunhöfn í Staðarsveit, og bjuggu nánustu forfeður hennar í sveitum á Snæfellsnesi og í Borgarfirði. Þekktastur þeirra er Guðmundur Jónsson, prófastur að Staðastað, er dó 1836, maður vel lærður á sinni tið, samdi hann m. a. Safn af íslenzkum orðskviðum, sem út kom í Kaupmannahöfn á kostnað Bókmennatafélagsins 1830. Einn langafi Steinunnar, móður Margrétar Þorbjargar, var Ólafur lögréttumaður Jónsson á Lundum, kallaður himnasmíður, ættfaðir Lundaættar, sem fjöldi manns er af kominn. Sjálf var Steinunn náskyld Sveini Guðmundssyni, verzlunarstjóra á Búðum og síðar á Borðeyri, og var löngum í skjóli hans, enda hélt lengi vinátta milli afkomenda beggja. Lengra fram má rekja ættir Margrétar Þorbjargar

eins og annarra Íslendinga til hinna fornu höfðingjaætta hér á landi og stórhöfðingja í Noregi.

Þau Thor Jensen og Margrét Þorbjörg Kristjánsdóttir felldu hugi saman og giftust hinn 21. maí 1886. Thor Jensen varð einhver mesti, ef ekki mesti framkvæmdamaður, sem á Íslandi hefur lifað, frumkvöðull um innlenda verzln, í útgerð, í ræktun og um menningarlega meðferð mjólkur. Hann var maður óvenjulega hugmyndaríkur, frábær reikningsmaður og undi sér helzt ekki nema hann stæði í stóframkvæmdum. Þau tæp 600 ár, sem samband Íslands og Danmerkur stóð, hefur trauðlega önnur betri sending komið hingað frá Dammörku en Thor Jensen. Margrét Þorbjörg var kona föst fyrir, rólynd og eiginmanni sínum hollur ráðgjafi. Hjónaband þeirra var svo farsælt sem bezt mátti verða. Steinunn móðir Margrétar bjó á heimili þeirra unz hún andaðist í hárrí elli. Þau Thor og Margrét bjuggu saman langa lífdaga og máttu helzt ekki hvort af öðru sjá. Margrét dó hinn 14. október 1945 og Thor 12. september 1947.

Pað sýnir hugðarefni Thors Jensens á meðan hann var verzlunarstjóri í Borgarnesi og bjó í húsi því, þar sem Jón Björnsson frá Bæ hélt síðan löngum uppi mikilli rausn, að hann valdi tveim sonum sínum, sem eru þar fæddir, nöfn úr fornum ritum Íslendinga: Kjartani úr Laxdælasögu og Ólafi Tryggvasoni úr Heimskringlu. Urðu þeir bræður síðan lengi samferða í lífinu, voru samtímis í skóla, giftust á sama degi, bjuggu um langt árabil í sama húsi og voru alla ævi mjög samrýmdir eins og raunar þau systkin öll. Því að löngum var til þess vitnað og stundum að því fundið, að ættartengsl þeirra væru óvenju sterk. Þann samhug tóku þau með sér úr foreldrahúsum.

Ólafur Thors óx upp með foreldrum sínum, en við býsna misjafnan hag. Þegar Thor Jensen hætti störfum í Borgarnesi stofnaði hann eigin verzlun á Akranesi, en varð þar gjaldþrota og fluttist þá til Hafnarfjarðar. Stundum var þá þróngt í búi, og taldi Thor þá ekki eftir sér að róa sjálfur til fiskjar í því skyni að afla matar handa ört vaxandi fjölskyldu sinni. Í Reykjavík settust þau hjón að árið 1901, og varð Thor fljótlega einn af umsvifamestu kaupsýslumönnum hér í bæ. Hann keypti hús það, sem Pétur biskup Pétursson áður fyrri hafði búið í, þar stendur Reykjavíkur apótek nú. Thor stofnaði verzlunina „Godthaab“ í biskups-húsinu og bjó þar í fyrstu sjálfur á efri hæð. Brátt keypti hann einnig „gamla pósthúsið“ og flutti íbúð sína þangað, Hótel Borg stendur nú á þeirri lóð, en „gamla pósthúsið“ er komið inn í Laugarás eftir að hafa allmögur á verið suður í Skildinganesi. Nokkrum árum síðar byggði hann sitt glæsilega íbúðarhús við Fríkirkjuveg 11, sem þá og lengi síðar var glæsilegasta og bezt búna íbúðarhús á Íslandi. Má segja, að eftir að til Reykjavíkur kom, hafi Ólafur alízt upp við betri kjör en flestir jafnaldrar hans hér á landi. Í Reykjavík gekk Ólafur í skóla, fyrst í



Ólafur Thors.

barnaskólann, sem þá var einungis einn, Miðbæjarskólinn, undir stjórn Mortens Hansens, og síðan Menntaskólann. Í augum margra standa skólaárin ætíð sem sérstakir sældartímar, en svo var ekki um Ólaf. Hann naut sín í skóla síður en efni stóðu til, lauk stúdentsprófi einu ári á eftir bekkjarbræðrum sínum. Sýnir það raunar, að eithvað hefur verið bogið við kennslu og skólahald, svo frábærlega næmur og fljótur að átta sig sem Ólafur ella reyndist. Það er gott dæmi um þann anda, sem þá réði, að hinn ágæti skólamaður, Morten Hansen, taldi sig knúinn til að veita þeim bræðrum, Kjartani og Ólafi, áminningu vegna þess að talið var, að þeir hefðu fengið hóp barnaskólaþrakka til að hrópa húrra fyrir hinum nýja Íslandsráðherra, Hannesi Hafstein, er þau sáu hann á götu rétt við skólann ásamt Magnúsi Stephensen landshöfðingja. Skilst manni, að áminningarefnin hafi verið það, að landshöfðingjanum var sleppt úr húrrahrópunum. Hvað sem um það er, þá er ljóst, að þeim bræðrum þótti hótfyndni gæta í áminningunni, því að ella hefði hún ekki festst í hugum þeirra með þeim hætti sem varð. Báðir minntust hennar öðru hvoru og var þó Ólafur ekki gjarn á að rifja upp gamlar skólasögur.

Þó að Ólafi fyndist ekki mjög til um skólavist sína, þá hélt hann engu að síður öruggri tryggðavináttu til æviloða við suma skólafélagi sína eins og þá dr. Halldór Hansen og Jón Ásbjörnsson hæstaréttardómara. Þeir Pétur Magnússon bankastjóri og Valtýr Stefánsson ritskjóri héldu og ævilangri tryggð við Ólaf, enda styrktist æskuvínáttu þeirra og endurnýjaðist af nánu samstarfi að sameiginlegum hugðarefnum á fullorðinsárum. Milli Ólafs og Árna Jónssonar frá Múla voru og náið tengsl frá skólaárum, þó að nokkur brestur yrði á hin síðari ár.

Stúdentsprófi lauk Ólafur 1912 og prófi í forspjallsvísindum við Kaupmannahafnarháskóla 1913. Áður hafði Ólafur a. m. k. tvisvar farið utan til fróðleiks og skemmtunar. Eitt sinn fóru þeir bræður, Kjartan og hann, með skipi langt norður með Noregi og annað skipti suður til Spánar með fiskflutningaskipi á vegum föður síns. Voru utanferðir þá ekki jafntiðar og nú, og hafa þessi ferðalög átt þátt í því að veita hinum ungu mönnum víðari sjóndeildarhring en flestum þeirra jafnöldrum. Koma margra fyrirmanna landsins og erlendra ferðamanna á heimili foreldra þeirra stuðlaði að hinu sama.

Hinn 3. desember 1915 giftist Ólafur Ingibjörgu dóttur Indriða Einarssonar revisors og rithöfundar og konu hans Mörtu Pétursdóttur Guðjohnsens, og bjuggu þau saman í farsælu hjónabandi æ síðan. Ingibjörg var hálfu þriðja ári yngri en Ólafur, fædd hinn 21. ágúst 1894. Fyrstu árin áttu þau heima í leiguíbúðum í miðbænum í Reykjavík, en um 1920 fluttust þau í stórhýsi við Grundarstíg, þar sem þau bjuggu ásamt tveim bræðrum Ólafs fram til 1930, að

þau fluttu í einbýlishús við Garðastræti 41, sem Ólafur lét reisa, og var þar síðan heimili þeirra til dauðadags. Á sumrum dvollu þau hjón á fyrri árum oftast nokkurn tíma í sumarhúsum vestur við Haffjarðará, en á síðari árum í bústað, sem Ólafur lét byggja við Þingvallavatn. Frú Ingibjörg er kona gáfuð og góð-viljuð, vel að sér og kyrrlát. Veitti hún Ólafi skjól og styrk á stormasamri ævi.

Pau Ingibjörg og Ólafur eignuðust fimm börn. Elzta barnið, Thor, dó 1921, einungis á fimmta ári, og varð foreldrum sínum mjög harmdauði. Hin eru á lífi: Frú Marta, kona Péturs Benediktssonar bankastjóra, Thor framkvæmdastjóri, sem kvæntur er Stefaníu dóttur Bjarna bíostjóra Jónssonar, frú Ingibjörg kona Þorsteins Gíslasonar framkvæmdastjóra og frú Margrét Þorbjörg kona Þorsteins Jónssonar flugmanns. Lét Ólafur sér mjög annt um hag þeirra allra og undi ætíð vel samvistum við fjölskyldu sína.

Seint á fyrsta tug aldarinnar gekk Thor Jensen ásamt nokkrum erlendum fjáraflamönnum og Pétri Thorsteinssyni, kaupmanni og útgerðarmanni á Bíldudal, í mikið félag, sem átti að stunda hér verzlun og útgerð. Hlaut það manna á meðal nafnið Milljónafélagið og hafði mikið um sig í fyrstu, en lenti skjótt í fjárfotum. Hafði Thor af því bæði tjón og raun, enda komust á loft ýmsar kví-sögur um þau samskipti öll. Danir settu stranga endurskoðun á rekstur og uppgjör. Aðalmaður hennar var H. J. Hendriksen, sem löngu síðar varð verzlunar-málaráðherra í Danmörku, foringi Íhaldsflokkssins þar og mikils metinn fjármála-maður. Hann kynnti sér gjörla allt reikningshald og kvað upp þann úrskurð, að allt væri hreint af hálfu Thors Jensens. Ólafur var á viðkvæmum aldri, er þetta gjörðist, fylgdist að sjálfsögðu með öllu og tók sér nærrí söguburð um föður sinn. Sérstaklega sárnaði honum, að hann taldi sig hafa fyrir því öruggar heimildir, að þegar fyrsti aðalfundur Eimskipafélags Íslands var haldinn, hefði því verið dreift, að faðir hans, sem þá var í viðskiptaerindum erlendis, væri „stunginn af“ þ. e. hefði flúið land. Svo mikið er víst, að Thor var þá ekki kosinn í stjórn og varð því ekki formaður félagsins, þó að hann hefði verið formaður bráðabirgðastjórnar. Eftir skýrslu Hendriksens til hinna dönsku hluthafa bar Ólafur hlýhug til hans, og hélt vinátta með þeim alla ævi síðan.

Elzti bróðir Ólafs, Richard, hafði verið við verzlunarnám erlendis og réðst þegar heim kom til starfa hjá Milljónafélaginu. Hann varð skjótt hægri hönd föður síns. Báðir undu þeir feðgar illa vistinni hjá Milljónafélaginu, og varð það að ráði, að hinn 22. mars 1912 var h.f. Kveldúlfur stofnaður, til kaupa á brezkum togara, sem hlaut nafnið Skallagrímur. Stofnendur félagsins voru þau hjón Thor og frú Margrét, ásamt fjórum elztu sonum þeirra: Richard, Kjartani, Ólafi og Hauki. Richard var framkvæmdastjóri og formaður stjórnarinnar, en Kjartan og Ólafur í stjórn með honum. Þegar þetta gerðist var Thor enn framkvæmdastjóri

Milljónafélagsins og tók því ekki strax við störfum hjá hinu nýja félagi. Kveldúlfur var í nokkra áratugi umsvifamesta atvinnufyrirtæki hér á landi. Richard var þar löngum aðalmaðurinn, framan af með umsjá föður síns. Síðar urðu þeir einnig framkvæmdastjórar: Kjartan, Ólafur, Haukur og Thor, Ólafur á árinu 1914. Félagið rak einkum togaraútgerð, átti sjö togara, þegar mest var. Ennfremur rak það lengi mikla saltfiskverzlun, og um sinn flutningaskip, síldarsöltun og síldarbræðslu. Félagið átti eignir viðs vegar, græddist stórfé í fyrra stríði og komst klakklaust út úr örðugleikum eftirstríðsáraðanna. Hagur þess stóð með miklu blóma, allt til gengishækkunarinnar 1925, þegar það varð fyrir miklum skakkaðllum. Tilfinnanlegri urðu þó örðugleikarnir eftir að heimskreppan skall á og einkanlega eftir ringulreiðina, sem varð á Spáni vegna falls konungdæmisins og borgarastyrjaldarinnar á fjórða tug aldarinnar. Með byggingu Hjalteyrarverksmiðjunnar á árinu 1937 vænkaði hagur h. f. Kveldúlfss á ný og til fulls rétti félagið við í seinni heimsstyrjöldinni. Eftir það hvarf Kveldúlfur að mestu frá útgerð togara og sneri sér nær eingöngu að síldarbræðslu með eflingu verksmiðjunnar á Hjalteyri og forustu um byggingu Faxaverksmiðjunnar í Reykjavík. En á þessum árum hefur síld naumast veiðzt fyrir Norðurlandi og úr síldveiðum fyrir Suðvesturlandi varð lengi vel mun minna en menn hugðu á árunum 1946 og 1947. Af þessum ástæðum hefur Kveldúlfur átt örðugt uppdráttar síðustu ár, og hafði Ólafur af því þungar áhyggjur. Hann helgaði Kveldúlfí meginhluta starfsorku sinnar frá því að hann gerðist þar fyrst framkvæmdastjóri 1914 og nokkuð fram yfir 1930. Eftir það hætti hann að fara til daglegra starfa á skrifstofu félagsins, en var ætíð með í ráðum um allar meiri háttar ákvarðanir og fylgdist af lifandi áhuga með því hvað gerðist.

Áhrif Kveldúlfss verða seint of metin. Aðrir höfðu að vísu forustu um upphaf íslenzkrar togaraútgerðar, en Thor Jensen var einn af eigendum Jóns forseta, fyrsta togarans, sem Íslendingar létu smiða fyrir sig. Hinir ungu skipstjórar, sem bundust samtökum um það stórvirkni, leituðu samstarfs við Thor Jensen, þegar þeir sáu, að betra var að hafa með í hópnum veraldarvanari mann og kunnugri viðskiptum en þeir sjálfir voru, og mynduðu þeir félagið Alliance. Má segja, að þar með hafi orðið þáttaskil í útgerð Íslendinga. Þangað til höfðum við verið langt á eftir öðrum, sem stunduðu fiskveiðar í nánd við landið, nú komumst við fljótt í forustusveit. Ólafur Thors hafði oft orð á því, að það hefði verið gæfa íslenzkri togaraútgerð, að jafn stjórnsamur maður, hygginn og yfirlætislaus og Halldór Kr. Þorsteinsson, skyldi verða skipstjóri á fyrsta togaranum og móta þannig öllum öðrum fremur þá stétt, sem átti ríkan þátt í að leggja fjárhagsgrundvöll að fullveldi þjóðarinnar.

Sjálfir urðu Kveldúlfsmenn vegna umsvifa sinna og athafnasemi allra

útgerðarmanna kunnastir meðal almennings. Menn voru þá óvanir slíkum stórhug á Íslandi. Allir báru þeir bræður sig svo vel, að eftir þeim var tekið, og þótt sumir býsnuðust yfir velgengni þeirra og ímyndaðri eyðslu, þá voru þeir þekktir að örlyndi og löngun til að leysa hvers manns vanda, enda eru þeir ótaldir, sem telja sig eiga þeim feðgum ýmiskonar þakkarskuld að gjalda.

Þegar fram á þriðja tug aldarinnar kom, batzt hugur Thors Jensens mjög við hinum miklu ræktunarframkvæmdir á Korpúlfss töðum. Eftir það sást hann lítt á almannafærí hér í Reykjavík, enda létt hann almenn mál þá lítið til sín taka. Hann var einu sinn kosinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var sagt, að hann hefði mætt á fyrsta fundi eftir kosningu, talað þar í öllum málum, komið vilja sínum lítt fram og ekki sýnt sig í bæjarstjórn eftir það. Því meira kvað að honum í drepsóttinni miklu haustið 1918. Þá átti hann meiri þátt í hjálpstarfsemi og sýndi bágstöddum meiri gjafmildi heldur en menn áður höfðu átt hér að venjast.

Á þessum árum voru synir hans enn ungar að árum, og var í almenningsaugum lítt greint á milli þeirra. Snemma skar Ólafur sig þó úr um forustu í félagsmálum. Hann varð formaður í Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og þar með oddviti stéttarbraeðra sinna um ýmis sameiginleg hagsmunamál, þ. á m. fulltrúi þeirra í vinnudeilum. Lenti hann þá m. a. í harðri deilu við æskuvinn sinn Gísla Jónsson vélstjóra. Urðu af þeim sökum fáleikar með þeim um nokkurt árabil, þóttu þeir endurnýjuðu síðan vináttu sína, og enn síðar tókust með þeim tengdir, þegar Þorsteinn sonur Gísla gekk að eiga Ingibjörgu dóttur Ólafs.

Ólafur var frá bernsku einlægur aðdáandi Hannesar Hafsteins, en flokksmaður Heimastjórnar var hann ekki meiri en svo, að 1918 greiddi hann að eigin sögn atkvæði á móti sambandslagafrumvarpinu, af því að honum fannst það ganga of skammt í sjálfstæðisátt handa Íslendingum. Hann hafði heldur aldrei miklar mætur á Jóni Magnússyni, þáverandi foringja Heimastjórnarmanna; Ólafi þótti hann skorta skörungsskap og vilja stundum vera helzt til hygginn.

Ólafur mat hins vegar Jón Þorláksson ætið manna mest. Ólafi sárnaði t. d., að Hannes Hafstein hefði eitt sinn í kunningjahóp átt að tala um kaldranahátt Jóns Þorlákssonar, og hefði Hannes þá auðheyrilega ekki vitað, að enginn bar til hans sannari hlýhug en Jón. Ólafur hafði hins vegar gaman að tveimur sögum um fyrstu kynni manna af Jóni. Sjálfur sagðist hann hafa talað við Jón í fyrsta skipti, er þeir voru á leið á fund Heimastjórnarmanna til að ræða um framboð við þingkosningar í Reykjavík 1919. Þá hafði Jón kallað til sín og beðið sig um að verða sér samferða og síðan sagt eithvað á þessa leið:

„Ég vona það, Ólafur Thors, að þér styðjið ekki Lárus H. Bjarnason, manninn sem drap Hannes Hafstein“.

Með þessum áróðri Jóns hófst nán samvinna þeirra, er stóð meðan báðir

lifðu. Því meira gaman hafði Ólafur af þessu sem Pétur Halldórsson sagði honum, að fyrstu kynni þeirra Jóns hefðu verið þessi:

Þegar Jón var í bæjarstjórn, fór Pétur einhverju sinni á fund hans á vegum góðtemplara til að biðja hann um að styðja eithvert áhugamál þeirra. Hann hlustaði þegjandi á Pétur. Þegar hann hafði lokið málí sínu leit Jón á hann og sagði:

„Ég skal segja yður það, Pétur Halldórsson, að ég læt bara aldrei róa í mér.“
Þar með var því samtali lokið.

Snemma árs 1921 voru aukakosningar til Alþingis háðar hér í Reykjavík. Þingmönnum hér hafði verið fjöldað um tvo og eitt þingsæti losnað, vegna þess að Sveinn Björnsson hafði verið skipaður sendiherra í Kaupmannahöfn. Þess vegna átti að kjósa þrjá þingmenn og í fyrsta skipti hlutfallskosningu. Flokkaskipting var þá enn óljós, gömlu flokkarnir, Heimastjórnarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn gamli, voru í upplausn, en Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur í bernsku. Sjálfstæðismenn greindust í tvennt, Þversum og Langsum, svo sem kallað var. Alþýðuflokksmenn og Þversummenn unnu þá stundum saman við kosningar, eins og að kjöri Jörundar Brynjólfssonar til Alþingis 1916 og kjöri Þórðar Sveinssonar læknis á Kleppi í bæjarstjórn 1920; komust þeir báðir að. En þegar þessir sömu flokkar á árinu 1920 studdu Sigurð Eggerz til borgarstjóraframboðs gegn Knud Zimsen, féll Sigurður eftir harða kosningahríð. Langsummenn voru meira á reiki, og munu þó þá þegar flestir þeirra hafa hneigzt til borgaralegrar samvinnu. Aðalforvígismaður þeirra í Reykjavík, Jakob Möller, studdi þó bæði Þórð Sveinsson og Sigurð Eggerz í kosningunum 1920, og hafði sjálfur fellt Jón Magnússon við þingkosningar 1919, en án atbeina Alþýðuflokkssins, sem hafði sína eigin frambjóðendur. Flokkaglundroðinn kom glögglega fram í kosningunum 1921, því að þá voru boðnir fram fjórir listar: A-listi Alþýðuflokkssins með Jón Baldvinsson efstan. B-listi Heimastjórnarmanna með Jón Þorláksson efstan. C-listi Langsum-manna og klofnings úr Heimastjórn með Magnús Jónsson efstan. D-listi Þversum-manna með Þórð Sveinsson á Kleppi efstan.

Á lista Jóns Þorlákssonar voru auk hans Einar H. Kvaran og í neðsta sæti Ólafur Thors. Úrslit urðu þau, að kosnir voru Jón Baldvinsson, Jón Þorláksson og Magnús Jónsson.

Þetta voru fyrstu almennu kosningarnar, sem Ólafur Thors bauð sig fram við, og hafði hann að sjálfögðu enga von um kosningu sem neðsti maður listans. Eins og á stóð varð að skoða Einar H. Kvaran og hann efstu meðmælendur Jóns Þorlákssonar. Engu að síður vakti Ólafur þá þegar athygli jafnt ungra sem gamalla með gjörvileik sínum, hiklausum fullyrðingum og rösklegri framkomu.

Andstæðingum B-listans stóð þegar stuggur af Ólafi, vegna þess að hann gengi í augu unga fólksins og þá ekki sízt kvenfólksins.

Um Jón Þorláksson var þá sagt, vegna fenginnar reynslu af fyrri árangurslausum framboðum hans, að hann mundi ekki hafa náð kosningu nema við hlutfallskosningar. En raunin varð sú, að jafnskjótt og hann var kosinn á Alþing komst hann í röð áhrifamestu þingmanna. Hann veitti stjórn Jóns Magnússonar, sem var við völd, þegar hann kom á þing, stuðning á meðan hún sat, og var í harðri andstöðu við stjórn Sigurðar Eggerz, sem tók við snemma árs 1922. Seint á árinu 1923 fóru fram almennar þingkosningar, og urðu óformleg samtök, sem nefndust Borgaraflokkurinn, ofan á í þeim. Töldust þar til flestir þeir úr Heimastjórn og Sjálfstæðisflokknum gamla, sem ekki höfðu gengið annaðhvort í Alþýðuflokki eða Framsókn. Snemma árs 1924 beitti Jón Þorláksson sér fyrir stofnun Íhaldsflokkins. Vegna gamalla væringa hans og Þversum-manna úr Sjálfstæðisflokknum gamla var ekki leitað nema til sumra þeirra um þátttöku í hinum nýja flokki, enda hefði slíkri málaleitan trúlega verið synjað, þó að fram hefði verið borin. Íhaldsflokkurinn fékk því aldrei meirihluta á Alþingi. Þversum-menn vörnuðu Jóni Þorlákssyni að mynda stjórn, er hann hafði tekið að sér að reyna, en studdu í þess stað Jón Magnús-son, sem tók með sér í stjórnina Jón Þorláksson og Magnús Guðmundsson.

Ólafur Thors var meira og minna með Jóni Þorlákssyni í öllum þessum ráðum. Sjálfur var hann kosinn í miðstjórn hins nýja flokks á þingflokkfundi 7. maí 1924. Náfrændi hans og einkavinur, Kristján Albertsson, varð og ritstjóri Varðar, málgagns Íhaldsflokkins, í október 1924. Skrifsaði Ólafur mikið í blaðið bæði þá og síðar, í ritstjórnartíð Árna Jónssonar frá Múla, þótt sjaldnast væru greinar þessar undir nafni. Sjálfur var Ólafur þó ekki í kjöri við kosningarnar 1923, en þegar Ágúst Flygenring varð að segja af sér þingmennsku vegna heilsuleysis, svo að aukakosning var háð í Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 9. janúar 1926, bauð Ólafur Thors sig fram. Mótframþjóðandi hans var Haraldur Guðmundsson. Þeir háðu harðan kosningabardaga, og fór mikið orð af viðureignu þeirra, sem fylgzt var með um land allt. Báðir voru þeir þá á ungum aldri, óvenjulega vel máli farnir og drógu hvergi af sér í málflutningi. Var þá þegar haft orð á því, að baráttu þeirra hefði verið mállefna-legri en þá var tíðkanlegt, og þótti hlutlausum mönnum það spá góðu um vaxandi þroska í íslenzku stjórnmalalífi. Úrslitin urðu þau, að Ólafur varð ofan á, hlaut 1318 atkvæði en Haraldur 958. Ólafur tók þar með sæti á Alþingi, þar sem hann sat alla ævi síðan, eða í nær 40 ár.

Eftir að Ólafur kom á þing varð ævi hans svo samtvinnuð þjóðarsögunni, að ómögulegt er að greina þar á milli. Í þeim efnum er margt ókannað enn

og atburðirnir of nærri til þess, að með fullu hlutleysi verði á þá litid eða réttilega metið, hvað mesta þýðingu hafði. Hér verður því einungis stiklað á því stærsta í því ljósi, sem það kemur mér fyrir sjónir. Er þá sjálfsagt að hafa í huga, að ég var mjög riðinn við marga þessa atburði, og fer því þess vegna fjarri, að ég geti gætt fulls hlutleysis, þó að ég reyni að segja svo rétt frá sem ég veit.

Ólafur Thors var frá upphafi einn af mestu valdamönnum Íhaldsflokkins. Hann greindi þó skjótt mjög á við Jón Þorláksson og flesta stuðningsmenn hans á þingi um eina afdrifaríkustu ákvörðun, sem á þessum árum var tekin, þ. e. gengishækunina á árinu 1925. Íhaldsflokkurinn taldi eitt höfuðverkefni sitt að koma fjármálum þjóðarinnar í rétt horf eftir glundroðann, sem varð upp úr fyrri heimsstyrjöldinni. Rétti á hag ríkissjóðs var þá þegar og verður ætið talin á meðal afreka Jóns Þorlákssonar. Gengishækunin varð hins vegar þegar í stað umdeildari, og var hún þó í samræmi við það, sem aðrar þjóðir, t. d. Bretar, gerðu um þessar mundir. Hér á landi bitnaði hún mjög illa á útflytjendum, og þá ekki sízt þeim, er mestan höfðu fiskútflutning, svo sem h.f. Kveldúlf. Fleiri áttu einnig um sárt að binda bæði kaupfélög og kaupmenn um allt land; rétti kaupmanna-verzlun sums staðar aldrei aftur við eftir það áfall, sem hún hlaut þá. Að lokum sannfærði Ólafur Thors Jón Þorláksson um, að lengra tjáði ekki að ganga, og beitti Jón þá áhrifum sínum gegn Landsbankanum, sem var enn einbeittari í að ná fullu gullgildi krónunnar, um, að ekki skyldi lengra sótt í þá átt. Enda þótt síðan hafi gengið upp og ofan í útflutningsframleiðslu og miklir gjaldeyrissjóðir hafi safnatz á seinni striðsárunum, þá hafa menn aldrei aftur ráðizt í tilraun til gengishækunar eins og gert var 1925.

Því fór samt fjarri, að þessi ágreiningur yrði til samvinnuslita milli þeirra Jóns Þorlákssonar og Ólafs Thors. Þvert á móti gerðist Ólafur einn öflugasti stuðningsmaður Jóns á Alþingi. Eftir andlát Jóns Magnússonar sumarið 1926 bauð Jón Ólafi, þá nýkomnum á þing, að taka sæti í ríkisstjórninni. Hann hafnaði því boði með sama hætti og Jóhannes Jóhannesson bæjarfógeti, er þeir Jón Þorláksson og Magnús Guðmundsson buðu að taka við stjórnarforystu að Jóni Magnússyni látnum. Enginn uppgjafarhugur var þó í þeim flokksmönnum um þetta leyti, því að þeir töldu sig nokkurn veginn örugga um að vinna hinum almennu þingkosningar, sem áttu að fara fram á árinu 1927. Við landskjörskosningar sumarið 1926 hafði Íhaldsflokkurinn að vísu einungis fengið 39,4%, Framsóknarflokkurinn 25%, Alþýðuflokkurinn 22,7%, Frjálslyndi flokkurinn 9,4% og kvennalisti 3,5%, en við aukakosningar til landskjörs um haustið 1926, er kosinn var maður í stað Jóns heitins Magnús-

sonar, komu aðeins fram tveir listar. Frá Framsóknarflokknum og Íhaldsflokknum. Alþýðuflokkurinn studdi þá lista Framsóknarflokksins. Þá fékk Íhaldsflokkurinn 55,1% og Framsóknarflokkurinn 44,9% atkvæða. Með þessar tölur í huga gengu Íhaldsmenn bjartsýnir til kosninganna snemma sumars 1927, en urðu þá fyrir miklum vonbrigðum. Eftir kosningarnar var þingmannaskipun þessi þegar landskjörnir þingmenn voru meðtaldir: Íhaldsflokkur 16 þingmenn, Framsóknarflokkurinn 19 þingmenn, Alþýðuflokkurinn 5 þingmenn, Frjálslyndi flokkurinn 1 þingmann og utan flokka 1 þingmaður.

Hér réði kjördæmaskipunin að vísu nokkru um, því að við sjálfar kosningarnar 9. júlí 1927 urðu úrslitin þessi: Íhaldsflokkur fékk 42,5% atkvæða, Framsóknarflokkur 29,8%, Alþýðuflokkur 19,1%, Frjálslyndi flokkurinn 5,8% og utan flokka 2,8%.

Að kosningum loknum myndaði Tryggvi Pórhallsson ríkisstjórn skipaða Framsóknarmönnum, og naut hún einnig stuðnings Alþýðuflokksins.

Íhaldsmenn og Frjálslyndir snerust til harðrar stjórnarandstöðu og mögnuðust deilur bæði á Alþingi og utan þings næstu misseri. Ólafur Thors gekk þá fram fyrir skjoldu, ferðaðist m. a. viða til fundahalda sumarið 1928. Á seinni árum gerði hann stundum gaman að því, að sumir hinna eldri flokksbræðra sinna hefðu þá latt sig þessara fundaferða og talið, að þær kynnu að verða Framsóknarmönnum til viðvörunar, svo að þeir gættu sín betur, þegar á kjörtíma-bilið liði. Þeim flokksbræðrum þótti raunin verða öll önnur, því að síðar hefði gráu verið bætt ofan á svart í stjórnarháttum Framsóknar. Þegar þetta gerðist, var Ólafur enn í fullu æskufjöri, en átti í höggi við andstæðinga, sem síður en svo voru á því að láta undan síga. Þeim tókst m. a. að gera það að hneykslunarefnini í liði sínu um land allt, að Ólafur Thors væri svo strákslegur, að hann hefði farið úr jakkanum, þegar honum þótti gerast nokkuð heitt á fundi, sem haldinn var á Hvammstanga. Til þess „hneykslis“ var vitnað árum saman í blaðagreinum og á mannfundum.

Harðnandi átök leiddu til þess, að Íhaldsmenn fylktu liði sínu fastar en áður. Boðuðu þeir m. a. í því skyni til fyrsta Landsfundar flokksins, sem haldinn var vorið 1929. Upp úr þeim fundi hófust umleitanir um sameiningu Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins, sem stofnaður hafði verið 1926 af síðustu leifum Sjálfstæðisflokkins gamla. Sigurður Eggerz var þá eini fulltrúi flokksins á þingi, því að annar aðalforingi flokksins, Jakob Möller, hafði fallið við kosningarnar 1927. Báðir höfðu þeir á sínum tíma átt í hörðu höggi við stjórn Íhaldsflokksins, sem tekið hafði við af Sigurði Eggerz 1924, og Jakob verið henni einna skeinuhættastur allra þingmanna. Góður kunningsskapur var hins vegar milli beggja og Ólafs Thors. Sigurður taldi sig t. d. hafa haft samband við Ólaf um banka-

stjóraveitinguna, er hann sjálfur fór í Íslandsbanka eftir stjórnarskiptin 1924, en fyrir þá stöðuveitingu var honum æ síðan mjög legið á hálsi af ýmsum. Hvað sem um það er, þá er víst, að Ólafur Thors hafði öðrum fremur milligöngu um það 1929, að þessir tveir flokkar voru sameinaðir. Var það gert með sameiginlegri yfirlýsingu þingmanna Íhaldsfloksins og Frjálslynda floksins hinn 25. maí 1929. Var þá lýst yfir því, að aðalstefnumál floksins væru þessi:

1. Að vinra að því og undirbúa það, að Ísland taki að fullu öll sín mál í sinar eigin hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina, jafnskjótt og 25 ára samningstímabil sambandslaganna er á enda.

2. Að vinna í innanlandsmálum að viðsýnni og þjóðlegrí umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis, með hagsmuni allra stéttar fyrir augum.

Í miðstjórn hins nýja flokks, sem nefndist Sjálfstæðisflokkur, og stýra skyldi máleznum floksins milli þinga, voru þessir sjö menn: Jakob Möller, Jón Ólafsson, Jón Þorláksson, Magnús Guðmundsson, Magnús Jónsson, Ólafur Thors og Sigurði Eggerz. Innan miðstjórnar skyldi starfa þriggja manna framkvæmdaráð skipað Jóni Þorlákssyni, Magnúsi Guðmundssyni og Sigurði Eggerz. Formaður floksins varð Jón Þorláksson.

Á næsta Alþingi hörðnuðu enn átök, ekki sízt þegar ríkisstjórnin knúði fram lokun Íslandsbanka. Þeim hörðu deilum lyktaði svo, að nokkur hluti Framsóknarfloksins sameinaðist Sjálfstæðisflokknum um að endurreisa bankann, að vísu undir nýju nafni, Útvegsbankinn h.f., og varð það til þess, að málið leystist með þeim hætti, er Sjálfstæðismenn töldu sæmilega vel við unandi. Í öllu því samningamakki, sem til þessarar lausnar leiddi, munu ýmsir hafa komið við sögu, en engir þó fremur en þeir Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur Thors, hvor af hálfu síns flokks, þó að Jón Þorláksson væri hinn formlegi umboðsmaður floksins.

Um þá hörku, sem í stjórmálunum var á þessum árum, er þess að gæta, að hún spratt ekki eingöngu, og e. t. v. ekki fyrst og fremst af ágreiningi um einstök löggjafarmálefni, þó að um þau væri hart deilt, heldur var öllu fremur deilt um margar stjórnarframkvæmdir. Óneitanlega voru ýmsar þeirra harla nýstárlagar og þannig hagað, að líklegar voru til að valda ágreiningi. Átti þetta ekki sízt við um ýmsar framkvæmdir dómsmálaráðherrans, Jónasar Jónssonar, og dró ekki úr heift, þegar dr. Helgi Tómasson, læknir á Kleppi, gaf honum sjúkdómsaðvörun í febrúar-mánuði 1930. Sú aðvörun var í góðri trú gerð, en Jónas hélt þannig á málum, að til samúðar honum snerist. Styrkti hann með því stöðu sína innan floksins, en sumum hafði þótt hún vera að veikjast þangað til þetta bar að. Síðar um vorið vék Jónas svo dr. Helga fyrirvaralaust frá embætti.

Pá um vorið fór fram landskjör þriggja þingmanna og hlaut Sjálfstæðisflokkurinn two kjörna og 48,3% atkvæða, Framsóknarflokkurinn einn kjörlinn og 31,4%, Alþýðuflokkurinn engan en 20,3% atkvæða.

Fyrir þær kosningar fóru þeir til fundahalda á Austfjörðum, annars vegar Jónas Jónsson ásamt Haraldi Guðmundssyni og hins vegar Ólafur Thors og Magnús Jónsson. Jónas hafði sem dómsmálaráðherra varðskip til afnota en neitaði slíkum „landhelgisbrjót“ sem Ólafi um far. Ólafur fór því á smábát á milli fjarða. Eitt sinn þegar veður hvessti, blíðkaðist hugur Jónasar og bauð hann Ólafi upp í varðskipið, en því boði var umsvifalaust hafnað.

Á þingi 1931 kom fram ber ágreiningur milli Alþýðuflokks og Framsóknar. Sjálfstæðismenn og Alþýðuflokksmenn söndu þá um stjórnarskrárbreytingu, til að greiða fyrir nýrri kjördæmaskipan, og var flutt vantrauststillaga á ríkisstjórnina af hálfu Sjálfstæðismanna. Áður en kæmi til umræðu hennar rauf ríkisstjórnin hins vegar þing, og varð þegar í stað hinn mesti ágreiningur um lögmæti þeirrar ráðstöfunar. Einar Arnórsson prfessor hafði skömmu áður skrifað fræðigrein, þar sem fram kom, að þegar svo á stæði á sem hér, væri þingrof óheimilt. Vei nú óspart til þess vitnað. Munaði þá litlu, að stjórnarandstæðingar létu hendur skipta, notuðu sér andúð Reykviðinga á tiltektum Framsóknarmanna og héldu Alþingi áfram þrátt fyrir þingrofið. Ólafur Thors vitnaði stundum síðar til þess, að þá hefði það ekki sízt verið sannfæringarkraftur Jakobs Möllers, sem úrslitum hefði ráðið. Hann hefði sýnt fram á með óyggjandi rökum, hvílíkt flan það væri að gera nokkuð ólöglegt, hvað þá það, sem jafna mætti við uppreisn, jafnvel þó að ögrun af hálfu ríkisstjórnarinnar væri ærin.

Hófst nú hin harðasta kosningahrið, og átti Ólafur Thors viða í höggi við Tryggva Þórhallsson. Ólafur taldi málefnaðstöðu sína mjög sterka og deildi á ríkisstjórnina fyrir flestar hennar athafnir. Tryggvi svaraði með því einu, að nú ættu bændur að kveða á um það, hvort svipta ætti þá völdum í landinu eða ekki. Niðurstaðan varð sú, að Framsóknarflokkurinn fékk 35,9% atkvæða og 21 þingmann af þeim 36, sem kjörnir voru, og hafði hann því 23 þingmenn af 42 alls. Sjálfstæðisflokkurinn fékk 43,8% og 12 þingmenn kjörna, hafði 3 landskjörna og því 15 þingmenn alls, Alþýðuflokkurinn fékk 16,1% og 3 þingmenn kjörna, hafði 1 áður og því 4 þingmenn alls, Kommúnistaflokkurinn fékk 3% og engan kjörinn. Utan flokka voru 1,2%.

Þrátt fyrir þennan sigur skorti Framsóknarflokkinn meirihluta í efri deild og gat þess vegna hvorki fengið samþykkt fjárlög, því að þá þurfti samþykki beggja deilda á þeim, né aðra nauðsynlega löggjöf. Þetta varð til þess, að stjórn Framsóknarflokksins, en hana skipuðu eftir kosningar 1931 þeir Tryggvi Þórhallsson, Jónas Jónsson og Ásgeir Ásgeirsson, neyddist til að segja af sér vorið

1932. Myndaði Ásgeir Ásgeirsson þá stjórn með stuðningi Framsóknar og Sjálfstæðisflokkss. Í henni áttu sæti af hálfu Framsóknar Ásgeir og Þorsteinn Briem, en af hálfu Sjálfstæðismanna Magnús Guðmundsson. Magnús var tregur til stjórnarþátttöku og vildi heldur, að Ólafur Thors tæki þar sæti, en hann létt þess engan kost. Verulegu: hluti Framsóknarflokkss undir forystu Jónasar Jónssonar var eitraður á móti þessari stjórnarmyndun, og í sömu svifum og Jónas hvarf úr embætti dómsmálaráðherra létt hann höfða sakamál gegn Magnúsi Guðmundssyni vegna afskipta hans af gjaldprotamáli einu. Magnús lýsti þegar í stað yfir því, að hann mundi engar ráðstafanir gera til að stöðva málid, og tók Hermann Jónasson, sem þá var lögreglustjóri í Reykjavík og hafði á sínum tíma ungar að aldri verið skipaður í það embætti af Jónasi Jónssyni, því málid til rannsóknar og dómsálagningar, en lögreglustjóri fór á þessum árum einnig með dómsvald í opinberum málum.

Um haustið 1932 var Ólafur Thors sendur ásamt Jóni Árnasyni, þá forstjóra S. Í. S., til Noregs til að semja um viðskiptamál milli landanna, einkum aðstöðu norska síldarverksmiðja á Íslandi og takmarkaðan athafnarétt norska síldveiðiskipa hér gegn innflutningsheimild á íslenzku saltkjöti til Noregs. Samningur þessi var staðfestur á Alþingi og voru þó þá þegar uppi landráðabrigzl, sem ætið síðan hafa fylgt flestri samningsgerð við erlenda menn. Auðvitað reyndust þau brigzl ástæðulaus og samningurinn hagstæður Íslendingum, enda var annar samningsmaður Norðmanna T. Andersen-Rysst, löngu síðar mörg ár sendiherra Norðmanna hér, einn áhugasamasti Norðmaður um Íslandsmál, okkur velviljaður öðrum fremur og einkavinur Ólafs eftir þessa samvinnu þeirra. Pessi samningagerð mun hafa verið hin fyrsta, sem Ólafur annaðiist af Íslands hálfu.

Er hér var komið, hafði heimskreppan heltekið Ísland, og náði hún þó seinna hingað en til flestra annarra landa. Hófst þá alvarlegt atvinnuleysi í Reykjavík. Þegar fram á árið kom, taldi bæjarstjórnin, sem efnt hafði til atvinnubótavinnu, sér ekki fært að halda henni áfram nema með lækkuðu kaupi. Verkalýðurinn taldi þetta hins vegar áras á sig, þegar hann ætti í vök að verjast. Var þá þegar hafið kapphlaup kommunista og Alþýðuflokkss um fylgi verkamanna. Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur hinn 9. nóvember 1932, þegar ræða skyldi atvinnubótavinnu og kaupgjald, varð uppþot meðal áheyrenda. Héðinn Valdimarsson, sem þá var einn af foringjum Alþýðuflokkssins, formaður Dagsbrúnar og bæjarfulltrúi, tók stólfætur og rétti uppþotsmönnum. Þegar í óefni var komið, var fundi slitið, en bæjarfulltrúa: reyndu að forða sér. Urðu þá sumir fyrir hnjaski, ekki sízt Jakob Möller, sem nokkrir æsingamenn eltu og felldu í götuna fyrir norðan Dómkirkjuna. Það var ljót sjón, og komu þeir Ingólfur, sonur Jakobs, er þá þegar var manna vaskastur, þótt ungar væri, og nokkrir röskir lögregluþjónar í

veg fyrir að verra hlytist af. Sumir löggregluþjónanna hafa aldrei beðið bætur þeirra meiðsla, sem þeir hlutu þann dag.

Hermann Jónasson löggreglustjóri hafði fyrirfram valið hinn 9. nóvember til þess að kveða upp dóm í málinu gegn Magnúsi Guðmundssyni dómsmálaráðherra. Hermann var einnig bæjarfulltrúi og fór af hinum sögulega fundi rakleitt til að kveða upp dóminn. Hann létt hinum alvarlegustu óeirðir, sem hér höfðu orðið fram að þessu, ekki verða til þess, að hann vanrækti dómstörf sín. Dómur hans var á þá leið, að Magnús var sekur fundinn og dæmdur til fangelsisvistar. Magnús ákvað þegar að biðjast lausnar. Ólafur Thors var skipaður ráðherra í hans stað hinn 14. nóvember 1932.

Á hinum fyrstu ráðherradögum Ólafs var allt annað en álitlegt um að skyggast í íslenzku þjóðlifi. Það var sízt að ófyrirsynju, að hann gerði þegar í stað ráðstafanir til að koma upp nokkru varaliði fyrir lögregluna. Þá setti hann og hinn 9. desember dr. Helga Tómasson aftur inn í embætti sitt á Kleppi, þar sem dr. Helgi síðan sat til dauðadags við mikinn orðstír. Báðar þessar stjórnarathafnir, sem voru á sínum tíma af fylgismönnum Ólafs talðar bera vitni um skörungs-skap hans, voru harðlega gagnrýndar af andstæðingunum og hafa nú einungis sögulega þýðingu. Afdrifaríkust stjórnarathafna hans að þessu sinni var útgáfa bráðabirgðalaga hinn 5. desember um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á fiskframleiðslu ársins 1933. Í greinargerð fyrir setningu þessara bráðabirgðalaga segir svo:

„Dóms- og útvegsmálaráðherra vor hefir tjáð oss, að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin fái heimild til þess fyrst um sinn að hafa íhlutun um sölu og útflutning á fiskframleiðslu ársins 1933, í því skyni að tryggja og festa það samstarf útvegsmanna, er hófst á þessu ári og leiddi til stofnunar Sólusambands íslenzkra fiskframleiðenda. Sé sala og útflutningur nýju fiskframleiðslunnar með öllu frjáls, eru líkur til að það valdi verðlækkun á eldri fiskborgðum, en einkum þó á nýju framleiðslunni. Mundi slíkt verðfall færa yfir Sólusambandið utan og innan að komandi haettur, sem sennilega mundu riða þessum þörfu samtökum að fullu, og á þann hátt stórskaða íslenzka framleiðendur, bæði þá er eiga fiskborgðir liggjandi hér í landinu, en þó aðallega væntanlega eigendur nýju framleiðslunnar.“

Með þessum bráðabirgðögum var stofnað til þeirra forréttinda, sem Sólusamband íslenzkra fiskframleiðenda hefur síðan haft á sölu saltfisks, og sum önnur sölusamtök hafa á afurðum, sem undir þau heyra. Um þessi réttindi er og hefur lengi verið deilt, ekki sízt á meðal Sjálfstæðismanna. Ólafur Thors taldi þessa löggjöf og þá, sem í kjölfar hennar kom, ætið á meðal sinna mikilsverðustu og beztu verka. Hann var örugglega sannfærður um, að samkeppni á erlendum

mörkuðum hefði áður valdið íslenzkum fiskútflytjendum ómældu tjóni, og vildi ekki fallast á fullyrðingar um, að breyttar aðstæður gerðu nú ráðlegt að taka upp þann hátt, sem að hans dómi hafði áður reynzt skaðsamlegur.

Ólafur lét af ráðherrastörfum hinn 23. desember, jafnskjótt og Magnús Guðmundsson hafði verið alsýknaður af Hæstarétti. Magnús var þó ófús að taka við ráðherrastörfum aftur. Hann hafði fengið nóg af stjórnálaerjum, en öllum öðrum, þ. á. m. Ólafi, þótti einsýnt, að eins og á stóð yrði Magnús að taka á ný við sínu fyrra starfi. Hins vegar duldist Ólafi ekki eftir þessa fyrstu stjórnarsetu, þótt skammvinn væri, að stjórnarstörf lágu vel fyrir honum.

Þegar tekizt hafði að semja um nýja kjördæmaskipan á sæmilega viðhlítandi hátt, þótt enginn væri ánægður til fulls, var þing rofið og gengið til kosninga hinn 16. júlí 1933. Við þær kosningar fékk Sjálfstæðisflokkurinn 48% atkvæða, Framsóknarflokkurinn 23,9%, Alþýðuflokkurinn 19,2%, Kommúnistaflokkurinn 7,5% og utan flokksmenn 1,4%.

Kosningaúrslitin uku mjög á bjartsýni Sjálfstæðismanna um, að þeir mundu bera sigur úr býtum, þegar kosið yrði samkvæmt hinni nýju stjórnarskrá, ekki sízt vegna þess, að vitað var um vaxandi ósamkomulag og jafnvel klofning innan Framsóknarflokksins. Sjálfstæðismenn lögðu því sumarið 1933 undir forystu Ólafs Thors, sem gegndi formennsku í fjarveru Jóns Þorlákssonar, áherzlu á að knýja fram þinghald þegar í stað og nýjar kosningar þá strax um haustið. Framsóknarflokkurinn vildi hins vegar ekki á þetta fallast. Alþingi kom saman um haustið og kosningar urðu ekki fyrr en sumarið 1934. Sá dráttur varð þó ekki til þess að draga úr sigurvissu Sjálfstæðismanna, því að Framsóknarflokkurinn klofn-aði opinberlega þá um veturinn, þegar Tryggvi Þórhallsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður flokksins, stofnaði Bændaflokkinn. Sjálfur forsætisráðherrann, Ásgeir Ásgeirsson, bauð sig fram utan flokka við kosningarnar 1934.

Jón Þorláksson sagði af sér flokksformennsku, þegar fram á árið 1934 kom, og var Ólafur Thors kosinn í hans stað, hinn 2. október 1934. Afsögn Jóns var ekki vegna ósamkomulags hans við Ólaf eða aðra flokksmenn, heldur af því tvennu, að í árslok 1932 hafði Jón verið kjörinn borgarstjóri í Reykjavík og nokkru síðar kennt þess heilsubrests, sem dró hann til dauða, langt fyrir aldur fram í marz 1935. Hitt er önnur saga, hvernig á því stóð, að Jón Þorláksson var kosinn borgarstjóri. Þess er þó skylt að geta, að þar átti Ólafur Thors verulegan hlut að, m. a. með því að telja annan fulltrúa Framsóknarflokksins í bæjarstjórn, dr. Pál Eggert Ólason, á að hindra, að kosning færí fram á meðan horfur voru á því að einn bæjarfulltrúi Sjálfstæðismanna, Hjalti Jónsson, sameinaðist andstæðingunum um borgarstjóralval. Þeim, sem við voru staddir, varð ógleymانlegt, þegar dr. Páll sagði heima hjá Ólafi: „Enginn veit, hvað ég geri á næsta fundi“. En

þegar þar að kom, var Páll fallinn í valinn sökum veikinda, en málinu bjargað með því, að Hjalti hafði fallizt á að kjósa Jón Þorláksson. Þegar Jón Þorláksson hafði verið kosinn borgarstjóri, gekk hann í endurnýjungu lífdaga og var ófeiminn við að láta uppi, hversu sér félli betur að undirbúa hinari miklu verklegu framkvæmdir Reykjavíkurbaðar, svo sem Sogsvirkjun og Hitaveitu, heldur en endalaust þóf á Alþingi. Engu að síður heimilaði hann Ólafi Thors að lýsa yfir því í útvarpsumræðum fyrir þingkosningar 1934, að hann mundi taka að sér stjórnarmyndun eftir kosningar, ef Sjálfstæðismenn fengju sigur. Var Jón þó sjálfur ekki í kjöri við þær kosningar, enda var landskjörið í sinni upphaflegu mynd lagt niður með stjórnarskrárbreytingunni 1934, en Jón hafði verið landskjörinn þingmaður frá því á árinu 1926.

Allt kom fyrir ekki. Úrslitin urðu Sjálfstæðismönnum í óhag. Þeir fengu 42,3% atkvæða og 20 þingmenn, Framsóknarflokkurinn fékk 21,9% og 15 þingmenn, Alþýðuflokkurinn 21,7% atkvæða og 10 þingmenn, Bændaflokkurinn 6,4% atkvæða og 3 þingmenn, Kommúnistaflokkurinn 6% og engan þingmann, Þjóðernissinnaflokkurinn 0,7% atkvæða og engan þingmann og utan flokka menn 1% og 1 þingmann. Þar sem Framsóknar- og Alþýðuflokksmönnum tókst að teygja til fylgis við sig einn af þingmönnum Bændaflokkssins (Magnús Torfason) og utan flokkamanninn (Ásgeir Ásgeirsson), höfðu þessir flokkar nægan þingstyrk til stjórnarmyndunar og afgreiðslu mála á Alþingi, og var stjórn Hermanns Jónassonar mynduð þá um sumarið. Höfst nú enn hörd stjórnarandstaða Sjálfstæðismanna, að þessu sinni undir yfirlýstri forystu Ólafs Thors.

Snemma þings haustið 1934 flutti Ólafur frumvarp til laga um fiskiráð, og skyldi því ætlað að rannsaka og gera tillögur um breyttar og nýjar aðferðir um framleiðslu og sölu sjávarafurða, útvegum nýrra markaða og annað sem lýtur að vexti og viðgangi sjávarútvegsins. Í ítarlegri greinargerð var eðli vandamálanna skýrt og rætt um helztu úrræði, m. a. framleiðslu á frystum og hertum fiski. Frumvarp Ólafs varð ekki útrætt á þinginu, en í þess stað samþykkt frumvarp ríkisstjórnarinnar um Fiskimálanefnd, sem kom síðar fram, en fjallaði um sama vanda. Um þessi mál og önnur urðu miklar deilur.

Meðal þeirra mála, sem hin nýja ríkisstjórn beitti sér fyrir, var setning lög-gjafar um sölu og meðferð mjólkur og mjólkurafurða. Var þetta tækifæri notað til þess að gera hinn blómlega búskap Thors Jensens á Korpúlfss töðum óarð-bærar. Skarst mjög í odda í umræðum um þetta mál, en enn var haldið áfram að draga einkafjármál þeirra feðga inn í stjórnmálaumræðurnar, því að nú voru hafnar árasír á h.f. Kveldúlf, sem lyktaði með því, að undir forystu Héðins Valdimarssonar var á Alþingi 1937 af hálfu Alþýðuflokkssins flutt lagafrumvarp um

að félagið skyldi tekið til gjaldþrotaskipta. Hinn 28. maí 1936 höfðu fjölmennustu verkalyðsfélögin í Reykjavík efnt til mikils útifundar í barnaskólaportinu, þar sem togaraútgerðarmenn, og þá ekki sízí eigendur Kveldúlf, voru ásakaðir um að valda atvinnuleysi með því að halda ekki skipum sínum nógu lengi út til veiða. Ólafur fór einn síns liðs á fund þennan og vann þar frægan sigur. Þá varð honum og mjög til styrktar fundur um Kveldúlfsmálið, sem Vörður hélt hinn 24. janúar 1937. Fundinn skyldi halda í Gamla bíó og fylltist það þegar svo, að opna varð Varðarhúsið, og var þar komið fyrir gjallarhornum. Framsóknarmenn vildu, er á reyndi, ekki fallast á hina harkalegu meðferð á Kveldúlf, og urðu lyktir málsins þær, að Kveldúlfur samdi við Landsbankann um skuldagreiðslu og þeir bræður Richard og Ólafur fóru til Englands til að afla fjár til byggingar síldarverksmiðju á Hjalteyri, sem reist var vorið 1937, á skemmri tíma en menn þá áttu hér að venjast um slíkar stórframkvæmdir.

Úrslit Kveldúlfsmálsins áttu sinn þátt í dvínandi vináttu Framsóknar- og Alþýðuflokks. Var af þeim sökum efnt til kosninga vorið 1937. Þær fóru þannig, að Sjálfstæðisflokkurinn hlaut 41,3% atkvæða og 17 þingmenn, Framsóknarflokkurinn 24,9% atkvæða og 19 þingmenn, Alþýðuflokkurinn 19,0% atkvæða og 8 þingmenn, Kommúnistaflokkurinn 8,5% atkvæða og 3 þingmenn, Bændaflokkurinn 6,1% atkvæða og 2 þingmenn, Þjóðernissinnar fengu 0,2% atkvæða.

Eftir þessar kosningar höfðu Framsóknarmenn og Alþýðuflokksmenn enn meirihluta á þingi eða 27 af 49 þingmönnum. Samkomulag þeirra fór þó stöðugt versnandi. Þegar Framsóknarflokkurinn veturninn 1938 samþykkti með Sjálfstæðismönnum lög um gerðardóm í sjómannaverkfalli, þá dró Alþýðuflokkurinn mann sinn úr ríkisstjórninni, eins og komið var að orði. Fór þá Framsóknarflokkurinn einn með stjórn um hríð.

Strax eftir kosningarnar 1937 hafði það gerzt til nýlundu, að Jónas Jónsson, sem áður hafði verið hatrammasti andstæðingur Sjálfstæðismanna, tók að vinmælast við þá. Réðu því annars vegar málefnalegar ástæður, er hann sá, að sundur dró með Framsókn og Alþýðuflokki. Hins er og að minnast, að eftir kosningarnar 1934 hafði Alþýðuflokkurinn gert að skilyrði fyrir stuðningi sínum við ríkisstjórnina, að Jónas ætti þar ekki sæti. Hafði hann þá eftirlátið tveim ungum þingmönnum ráðherrasæti, þeim Hermanni Jónassyni og Eysteini Jónssyni. Við kosningarnar 1937 hafði Alþýðuflokkurinn beðið slíkan hnekki, að hann var þess ekki umkominn að endurtaka skilyrði um mannaval úr hópi Framsóknarmanna. Hafði Jónas því þreifað fyrir sér hjá skjólstæðingum sínum, Hermanni og Eysteini, og fljótt orðið þess var, að þeir höfðu báðir í huga að sitja sem fastast í ráðherrastólunum.

Jónas leitaði í fyrstu einkum til Magnúsar Guðmundssonar, en eftir and-

lát hans í desember 1937 tók að verða mun tíðara með þeim Ólafi Thors en áður hafði verið. Örðugleikar ríkisstjórnarinnar á erfiðum tínum, með heimsstyrjöld yfirvofandi, ýttu mjög undir. Snemma árs 1939 voru teknar upp beinar samningaviðræður um myndun samsteypustjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokk og Alþýðuflokks. Þrengingar útvegsmanna og sannfæring þeirra um ranga gengisskráningu hvöttu Ólaf Thors til slíkrar samningsgerðar af hálfu Sjálfstæðismanna. En um það er ekki að villast, að upphafsmaður þessara umleitana og hins breytta andrúmslofts, sem var forsenda þeirra, var Jónas Jónsson.

Þegar til átti að taka, reyndust Sjálfstæðismenn hins vegar mjög klofnir í afstöðu til slíkrar stjórnarmyndunar. Ýmsir töldu, að Framsókn væri komin að uppgjöf, og fráleitt væri að rétta henni hjálparhönd um stjórn landsins fyrr en að afloknum kosningum. Meginþorri kjósenda flokksins í Reykjavík mátti ekki heyra Framsókn nefnda til neins samstarfs. Hér við bættist, að forystumenn verzlunarstéttarinnar litu á gengisfellingu sem beint tilræði við sig, þar sem þeir í gjaldeyrisvandræðum og við minnkandi tiltrú þjóðarinnar erlendis höfðu til hins ítrasta notað lánstrauð sitt þar í því skyni að afla landinu nauðsynja. Ef gengið yrði fellt, mundu þeir þess vegna hljóta af því stórfellt tjón. Vegna alls þessa urðu mikil átök um það innan Sjálfstæðisflokkssins, hvort gengið skyldi til stjórnarmyndunar með hinum flokkunum tveimur. Mátti lengi ekki á milli sjá, hvorir ofan á yrðu. Þingflokkurinn greindist í two hluta, og hélt hvor hlutinn um skeið fundi út af fyrir sig. Töldu andstæðingar samvinnunnar sig lengst af í öruggum meirihluta, en líklegra er, að Ólafur hafi ætíð vitað, að hann mundi hafa nægan liðsafla, þegar á reyndi. En sjaldan eða aldrei þurfti hann meira á þreki, þolinmæði og lipurð að halda en í þessari viðureign, bæði til þess að ná samningum á milli flokkanna og að fá allan þingflokk Sjálfstæðismanna til að una samvinnunni eftir að hún hafði verið ákvæðin. Raunin varð sú, að hinn 17. apríl 1939 var hin svonefnda þjóðstjórn mynduð með forseti Hermanns Jónassonar. Átti þar af hálfu Framsóknarflokksins einnig sæti Eysteinn Jónsson, Stefán Jóhann Stefánsson af hálfu Alþýðuflokksins og Ólafur Thors og Jakob Möller af hálfu Sjálfstæðismanna. Jakob hafði verið einn þeirra, sem voru á móti stjórnarmynduninni. En ekki sízt að ráðum og með atbeina Árna Jónssonar frá Múla, sem einnig hafði mjög beitt sér gegn þessum ráðageðum, varð samkomulag um, að Jakob skyldi gerast ráðherra og þar með staðfesta stuðning alls þingflokkssins við hina nýju ríkisstjórn.

Bezt yfirlit um viðfangsefnin og þann ágreining, sem leysa þurfti við stjórnarmyndunina, fá menn með að lesa þessar yfirlýsingar, sem þá voru gefnar.

Forsætisráðherra, Hermann Jónasson, sagði m. a.:

„Ríkisstjórnin telur, að meginviðfangsefni hennar verði fyrst og fremst:

- 1) Að efla framleiðslustarfsemina í landinu.
- 2) Að búa þjóðina undir að geta lifað sem mest af gæðum landsins, og gera aðrar ráðstafanir þjóðinni til sjálfsbjargar, ef til ófriðar kemur.
- 3) Að sameina lýðraeðisöflin í landinu til verndar og eflingar lýðraeðinu.
- 4) Að sameina þjóðina um þann undirbúning, sem gera þarf í sambandi við framtíðarákvarðanir í sjálfstæðismálinu.

Samkvæmt þessari meginstefnu mun ríkisstjórnin starfa, og marka aðgerðir sínar samkvæmt henni, en með tilliti til þeirra úrlausnarefna, sem næst liggja fyrir, tekur ríkisstjórnin þetta fram:

Skráningu íslenzku krónunnar hefir nú nýlega verið breytt og með því gert mikil áatak til hagsbóta fyrir framleiðendur.

Ríkisstjórninni er ljóst, að þrátt fyrir þá breytingu, sem gerð hefir verið á skráningu krónunnar, er ekki fært að afnema innflutningshöftin, en hún er einhuga um það, að stefna að því, að innflutningshöftunum verði aflétt jafnóðum og fjárhagur þjóðarinnar og viðskiptaástandið leyfir. Ennfremur telur ríkisstjórnin rétt að veita nú þegar frjálsan innflutning á nokkrum nauðsynjavörum, og verður gefin út um það opinber auglýsing jafnóðum og þær ráðstafanir koma til framkvæmda.

Ríkisstjórnin telur mikla nauðsyn á því í sambandi við gengisbreytinguna, að gera ráðstafanir til þess að vinna gegn aukinni dýrtíð, m. a. með því að framkvæma verðlagseftirlit og þau ákvæði, sem leidd hafa verið í lög um húsaleigu.

Ennfremur mun ríkisstjórnin vinna eftir megni að sparnaði og lækkun útgjalda bæði hjá ríkinu og bæjarfélögum.

Í því sambandi tekur ríkisstjórnin þó fram, að hún telur, að ekki beri að draga úr verklegum framkvæmdum hins opinbera eða framlögum til atvinnubóta eins og atvinnuástandið er nú í landinu. En hún mun stefna að því til hins ýtrasta, að framleiðslustarfsemi landsmanna færist svo í aukana, að hún geti fullnægt atvinnuþörfinni. Meðan þess gerist þörf að leggja fram fé til atvinnubóta, mun ríkisstjórnin nota atvinnubótaféð til þess að draga úr atvinnuleysinu og einnig, eftir því sem við verður komið, verja því til þess að auka hinar eldri atvinnugreinar og koma á fót nýrri, arðgæfri framleiðslustarfsemi, þannig, að atvinnubótaféð hjálpi til að útrýma þörfinni fyrir áframhaldandi framlög.

Ríkisstjórnin mun og stuðla að því eftir fremsta megni, að þau fiskiskip og bátar, sem til eru í landinu og nothæf eru, verði rekin til útgerðar og framleiðslan einnig aukin á þann hátt.

Ennfremur vill ríkisstjórnin vinna að aukningu og endurnýjun fiskiflotans

með því að veita til þess fé á svipaðan hátt og verið hefir undanfarin tvö ár, eftir því sem fjárhagur leyfir.

Pótt hér séu talin nokkur atriði viðvíkjandi útgerðinni, vegna þess, hve mjög þau mál hafa verið rædd síðustu mánuðina, og þörf aðgerða aðkallandi, er það að sjálfsögðu meginstefnuatriði stjórnarinnar, svo sem að framan segir, að styðja og efla framleiðslustarfsemina yfirleitt, ekki sízt landbúnaðinn, nauðsynlegan iðnað og ennfremur rannsókn og meiri nýtni á auðlindum landsins, sem þegar er hafinn nokkur undirbúnингur að. Stjórnin mun m. a. leggja sérstaka áherzlu á stóraukna framleiðslu ýmissa landbúnaðarvara til notkunar innanlands, svo sem garðávaxta, alls konar grænmetis o. fl. Og ennfremur verður áherzla á það lögð, að auka verulega notkun landbúnaðarafurða innanlands.“

Ólafur Thors sagði:

„Samningaumleitanir þær, er nú hafa leitt til þess, að mynduð hefir verið samsteypustjórni, hófust á öndverðu þessu þingi, og átti málið þó nokkurn aðdraganda. Mun mörgum þykja, sem óþarflega lengi hafi verið setið við samningaborðið, en þó munu flestir við íhugun viðurkenna, að miklum örðugleikum sé bundið að koma á samstarfi milli flokka, er svo lengi hafa verið á öndverðum meið og barizt harðvítugri baráttu, og sé því sízt að undra, þótt eigi hafi dregið til samkomulags fyrr en raun ber vitni um.

Innan þingflokks Sjálfstæðismanna hefir frá öndverðu ríkt mikill skilningur á því, að vegna vaxandi örðugleika í atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar og þess, hve horfurnar í nágrannalöndunum eru ískyggilegar, væri mjög æskilegt að fella um skeið niður flokkabaráttuna, svo þjóðin gæti sem bezt og mest sameinazt til varnar gegn aðsteðjandi hættum. Samningarnir hafa því af hendi Sjálfstæðisflokkssins fyrst og fremst staðið um það, að hve miklu leyti hinir samningsaðilarnir væru fáanlegir til þess að gera þær ráðstafanir, er að dómi Sjálfstæðisflokkssins teldust heppilegastar til að bæta úr vandræðum líðandi stundar og verjast sem bezt áföllum í náinni framtíð.

Það liggur í hlutarins eðli, að þegar mynduð er slík samsteypustjórni, verða þeir, er að henni standa, að gera sér ljóst, að enginn einn flokkur má vænta þess að geta hrundið öllu í framkvæmd, er hann helzt kysi, og hefir þingflokkur Sjálfstæðismanna í þeim samningaumleitunum, er fram hafa farið, haft fulla hliðsjón af þessari staðreynd og byggt óskir sínar og kröfur á þeim grundvelli.

Í þeim samningi, er nú hefir verið gerður um stefnu og starf samsteypustjórnarinnar og hæstv. forsætisráðherra fyrir hönd ríkissjórnarinnar hefir lýst,

hefir verið tekið tillit til þessara óska Sjálfstæðisflokkssins í öllum höfuðefnum, með þeirri einni undantekningu, er nú skal að vikið:

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Sjálfstæðisflokkurinn lítur svo á, að frjáls verzlun sé eitt allra helzta skilyrðið fyrir góðri efnahagsafkomu sér-hverrar þjóðar. Flokkurinn hefir samt sem áður á undanfönum árum lagt samþykki sitt á margvíslegar kvaðir, er lagðar hafa verið á verzlunarfrelsið, en þá jafnan vegna þess, að hann hefir viðurkennt, að okkur óviðráðanlegar utan-aðkomandi ástæður hafi knúið til þessa. Í löggjöf og framkvæmd hefir auk þess verið gengið lengra á þessu sviði en Sjálfstæðisflokkurinn hefir talið nauðsynlegt, og þá gegn mótmælum flokksins. Það er því auðskilið mál, að Sjálfstæðisflokkurinn telji miklu varða, að þegar í stað verði á þessu nokkrar breytingar, og myndi flokkurinn að sjálfsögðu hafa borið fram slíkar óskir við samningaborðið, þótt eigi hefði fleira komið til en trú flokksins á frjálsa verzlun.

Meðal þeirra mála, er mest voru rædd við samningaumleitanirnar, var hin aðkallandi þörf til bráðra aðgerða til viðreisnar útvegi landsmanna, og hefir það mál nú verið leyst með breytingu á skráðu gengi krónunnar og ýmsum ráðstöfunum í sambandi við þá skráningu.

Svo sem kunnugt er, voru skoðanir þingmanna Sjálfstæðisflokksins skiptar um það, hverja leið bæri að fara til þess að ráða bót á örðugleikum útvegsins. Stóðu 9 þingmenn flokksins að löggjófinni um breytingu á skráðu gengi krónunnar, en hinir 8 vildu grípa til annarra úrræða til úrbóta. Hinsvegar voru allir þingmenn flokksins á einu máli um það, að yrði sú leið farin, er að var horfið, myndi það þrennt nauðsynlegt: að hafður væri hemill á fjáreyðslu hins opinbera, jafnt ríkis sem bæjar- og sveitarfélaga, að reynt yrði að greiða nú þegar eða semja um greiðslur á áhvílandi skuldum, er fallnar eru í gjalddaga, en orðið hafa í vanskilum vegna gjaldeyrisskorts, og að svo flijótt sem auðið er yrði verzlunin gefin frjáls, til þess á þann hátt að lækka útsöluverð aðkeyptrar vöru, og var hið síðasta að margra dómi þyngst á metunum. Í því skyni að tryggja þetta óskaði Sjálfstæðisflokkurinn þess, að fá yfirráð innflutningshaftanna og gjaldeyrisverzlunarinnar, og lögðu 8 af þingmönum flokksins svo ríka áherzlu á þá ósk, að þeir töldu rétt að gera uppfylling hennar að skilyrði fyrir þátttöku flokksins í stjórn landsins, en hinir 9 töldu að eftir atvikum væri eigi rétt að hafna þeim boðum, er fyrir lágu, enda var þá lögð í hendur ráðherrum flokksins meðferð fjármála, skatta- og tollamála, ríkiseinkasala, bræðslustöðva ríkisins, sildareinkasölunnar, sölusamlagsins, fiskimálanefndar, samgöngumálanna á sjó og landi, pósts og síma, iðnaðarmálanna, auk ýms annars.

Flokkurinn tók að lokum þá ákvörðun, að ganga til stjórnarsamvinnu á

þessum grundvelli, þó með því að gera þá samninga um verzlunarmálið, er nú skal greina frá:

1. Innflutningshöftunum sé af létt jafnóðum og fjárhagur þjóðarinnar og viðskiptaástandið leyfir.

2. Þegar í stað verði gefinn frjáls innflutningur á nokkrum nauðsynjavörum.

3. Ráðherrar hafi gagnkvæman rétt til að fylgjast með öllu, er gerist hver í annars ráðuneyti, og skulu fjármálaráðherra og viðskiptamálaráðherra alveg sérstaklega hafa nána samvinnu.

Auk þessa hefir Sjálfstæðisflokkurinn falið ráðherrum sínum að gangast fyrir því, að tekin verði til endurskoðunar ýms atriði í löggjöf síðari ára og framkvæmd þessarar löggjafar, þar á meðal, að svo fljótt sem auðið er verði endurskoð uð framkvæmdin á úthlutun innflutningsleyfanna og meðferð gjaldeyrisins.

Að Sjálfstæðisflokkurinn tók þessa ákvörðun, stafar fyrst og fremst af því, að honum er ljóst, hversu mikla þýðingu það hefir fyrir traustið á ríkisstjórninni inn á við, og þá ekki síður út á við, að flokkurinn standi óskiptur að henni.

Sjálfstæðisflokknum er ljóst, að það er eigi bjart yfir afkomuhorfum þjóðarinnar nú, er hann tekur á herðar sér hluta af ábyrgðinni. Honum er einnig ljóst, að það er eigi vandalaust verk að sameina forna andstæðinga til áatakanna. Honum er ljóst, að margir kjósendar flokksins ganga tregir til þessarar samvinnu, og honum er ljóst, að brugðið getur til beggja vona um árangur.

Sjálfstæðisflokkurinn mun gera sitt ýrasta til að þessi samvinna megi takast og leiða til sem mestrar farsældar fyrir íslenzku þjóðina. Mun flokkurinn í þeim efnum ganga svo langt sem stefna hans og sannfæring frekast leyfir“.

Gísli Sveinsson las þessa yfirlýsingu:

„Sá hluti Sjálfstæðisflokksins, sem hafði tjáð sig andvígán myndun samstjórnar þriggja flokka á þessu þingi, á þeim grundvelli, er varð að niðurstöðu í samkomulagsumleitunum þeim, sem fram fóru milli flokkanna, hefir eftir atvikum gengið inn á, að maður af hans hálfu taki sæti í ríkisstjórninni, í þeirri von, að með því mætti fremur takast að ráða bót á ýmsu því í stjórnarfari landsins, sem flokkurinn telur, að mjög aflaga hafi farið á undanförnum árum, enda skoðar hann þessa stjórnarmyndun sem tilraun, er hlýtur, ef hún mistekst, að leiða til samvinnuslita.“

Í hinni nýju stjórn varð Ólafur Thors atvinnu- og samgöngumálaráðherra, og voru þó öðrum fengin landbúnaðarmál, iðnaðarmál, verzlunarmál, sveita- stjórnarmál og tryggingamál. Jakob Möller varð fjármálaráðherra að undanteknum bankamálum og gjaldeyrismálum, og enn fremur hafði hann með höndum meðferð iðnaðarmála. Þó að þá Jakob og Ólaf greindi á um, hvort til stjórnar-

samvinnunnar skyldi ganga, varð samstarf þeirra í stjórninni með ágætum, og innan þingfloksins eyddist brátt ágreiningur, sem uppi hafði verið þá um veturinn og fram eftir vori.

Af starfsmönnum Stjórnarráðsins hafði Ólafur þegar á þessu tímabili nánast samstarf við Gunnlaug Briem, sem þá var fulltrúi og varð síðar ráðuneytistjóri. Að öllum öðrum ólostuðum má fullyrða að Ólafur hafði á honum mestar mætur allra Stjórnarráðsmanna.

Um þessar mundir var flestum ljóst, að viðbúið væri, að til nýrrar stórstyrið aldar mundi draga. Hugur hinnar nýju stjórnar beindist því skjótt að því, hvern viðbúnað væri unnt að hafa og þá einkum að öflun nauðsynlegra vörubirgða.

Styrjöldin brauzt út í september um haustið. Skömmu síðar var send samninganeftnd til Bretlands til að semja um viðskipti við brezku stjórnina. Sveinn Björnsson var einn samningamanna og eftir orðum, sem brezkir ráðamenn höfðu látið falla við hann, fengu menn hugboð um, að Englendingar byggjust allt eins við því, að Danmörk kynni að verða hernumin og hefðu þá áhuga á því, hvað um Ísland yrði. Af þeim sökum var íslenzka ríkisstjórnin ekki með öllu óviðbúin þeim atburðum, sem gerðust í Danmörku hinn 9. apríl 1940. Átti Ólafur Thors ekki sízt þátt í, að til þess undirbúnings var efnt. Menn vonuðu, að flutningur hins æðsta valds inn í landið mundi ásamt hlutleysisyfirlýsingunni frá 1918 endast til þess, að hlífa landinu við hingaðkomu Bretta. En bardagarnir um Noreg gengu þeim, gagnstætt flestra ætlun í fyrstu, mjög í óhag og þótti mönnum þess vegna ekki ólíklegt, að ófriðurinn færðist norður í höf. Ríkisstjórnin og trúnaðarmönnum hennar kom það því ekki á óvart, þegar Bretar stigu hér á land 10. maí 1940. Engu að síður voru þeir engir aufúsgestir, og varð ríkisstjórnin sammála um formleg mótmæli gegn hingaðkomu þeirra.

Brezkur maður, sem var í fylgd með brezka sendiherranum, þegar hann gekk á fund ríkisstjórnarinnar þann sama dag, hefur sagt frá því, að mjög hafi móttökurnar verið kuldalegar þangað til Ólafur Thors hafi kveðið upp úr með það, að enda þótt við hlytum að mótmæla hernámi Bretta á landinu, þá mættu þeir engu að síður vita, að Íslendingar væru feginir, að það væru Bretar en ekki þýzkir nazistar, sem á undan hefðu orðið hingað. Þetta var innileg sannfæring Ólafs, og mótaði hún öll afskipti hans af þessum málum. En einmitt þess vegna var honum hægara en sumum öðrum að koma málum sínum fram við yfirmenn hernámsliðsins. Þeir ætuðu t. d. öðru hverju að setja óeðlilegar hömlur á siglingar og fiskveiðar, og tókst Ólafi þá með auðsærri góðvild í þeirra garð, samfara einurð og lipurð í málflutningi, að fá viðhlítandi lausn. Verður seint metið það gagn, sem Ólafur vann landsmönnum með þessu.

Ólafur var eindregið fylgjandi því, að samið yrði við Bandaríkjamenn um

hervernd landsins, eins og Bretar fóru fram á hinn 24. júní 1941. Kom þar hvort tveggja til: Stuðningur Ólafs við málstað Vesturveldanna og sú skoðun hans, að sökum þess að Bandaríkin voru þá enn hlutlaus horfði slíkur samningur í hlutleysisátt og til þess að draga ófriðarhættu frá Íslandi.

Hverndarsamningurinn var staðfestur á Alþingi og af ríkisstjórn hinn 10. júlí 1941. Áður um vorið, í maí, hafði orðið að ráði að fresta kosningum til Alþingis, þ. e. framlengja umboð þingmanna, vegna þess hvernig ástatt var, landið hernumið og yfirvofandi að það drægist í bein hernaðarátök. Meginþorri þingmanna var þá þessari ákvörðun sammála, enda stóðu allir flokkar að ríkisstjórninni þá nema kommúnistar, sem einnig snerust gegn kosningafrestuninni. Þegar fram á haustið kom, fór að hrikta í stjórnarsamvinnunni. Í kjölfar hinnar miklu atvinnu, sem skapaðist við margháttar varnarframkvæmdir, fylgdu hækkanir á kaupi og verðlagi. Vildu þá ýmsir láta bregðast hart við og beita lögþvingun til að koma í veg fyrir verðbólgu. Framsóknarmenn höfðu forystuna um þær lögþvingunarráðagerðir, og þegar þær náðu ekki fram að ganga um haustið 1941, baðst Hermann Jónasson lausnar fyrir sig og stjórn sína, en endurreisti hana síðan aftur með öllu óbreytta fyrir forgöngu ríkisstjórans, Sveins Björnssonar.

Þegar fram yfir áramót kom, þótti þó ekki lengur fært að láta við svo búið sitja, og samþykkti þá ríkisstjórnin með atkvæðum allra nema Stefáns Jóhanns Stefánssonar, fulltrúa Alþýðufloksins, að setja hinn 8. janúar 1942 bráðabirgðalög um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Stefán Jóhann Stefánsson baðst þegar lausnar, og tók Ólafur Thors þá við meðferð utanríkismála en slepti nokkrum málum, er hann áður hafði farið með sem atvinnu- og samgöngumála-ráðherra.

Verkalyðshreyfingin brást hið versta við setningu gerðardómslaganna. Andstöðu hennar fylgdi allmikill órói í Reykjavík og meðal annars vinnustöðvun í prentsmeðjum þar. Í janúarlok áttu hins vegar að fara fram bæjarstjórnarkosningar, og varð það til þess, að hinn 17. janúar voru sett bráðabirgðalög um frestu bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík með svofelldri greinargerð:

„Í Reykjavík er vinnustöðvun í prentsmeðjum, svo að einungis blöð eins stjórnsmálfloks geta komið út með venjulegum hætti. Nú er það eitt af grundvallaratriðum í stjórnarfari landsins, að eigi séu óeðlilegar hömlur á því, að menn geti látið í ljós skoðanir sínar og að almenningur eigi á þann veg þess kost að fylgjast með þeim atburðum, er gerast, og kynnast frjálsri túlkun þeirra. Þar sem komið hefur verið í veg fyrir, að svo geti orðið í Reykjavík, leiðir þar af, að á meðan svo stendur getur ekki talizt réttmætt að fram fari almennar kosningar í bænum. Telur ríkisstjórnin því, að fresta beri bæjarstjórnarkosningum

þeim, sem áttu að fara fram 25. jan. n. k., þar til hæfilegum tíma eftir að lýkur því óeðlilega ástandi, sem nú ríkir.“

Þessi bráðabirgðalög voru sett samkvæmt tillögum og á ábyrgð Jakobs Möllers, sem tekið hafði við sveitarstjórnarmálum eftir að Stefán Jóhann Stefáns-son hvarf úr ríkisstjórn. En venju samkvæmt voru þau borin undir ríkisstjórnina alla, og töldu Framsóknarmenn sér ekki fært að fallast á útgáfu þeirra, nema því aðeins, að Sjálfstæðismenn hétu því á móti að eiga ekki á kjörtímabilinu hlut að setningu löggjafar um nýja kjördæmaskipun. Framsóknarmenn töldu þá líklegt eða nær víst, að Alþýðuflokksmenn mundu bera fram tillögu um stjórnarskrárbreytingu þessa efnis, þegar Alþingi kæmi saman. Um þetta skarst í odda innan ríkisstjórnarinnar. Sjálfstæðismenn töldu, að fráleitt væri að áskilja sér umbun fyrir stuðning við svo sjálfsagt réttlætismál sem frestun bæjarstjórnarkosninga eins og á stóð. Framsóknarmenn litu á skilorð sitt sem eðlilega varúð á viðsjálum tímum. Endirinn varð sá, að Ólafur Thors gaf þeim yfirlýsingum viðhorf ráðherra Sjálfstæðisfloksins til hugsanlegra tillagna um kjördæmabreytingu, sem þeir töldu sér fullnægjandi, en fullyrta síðar, að ekki hefði verið staðið við.

Raunin varð sú, að þegar þing kom saman var af Alþýðufloksins hálfu flutt frumvarp um stjórnarskrárbreytingu til endurbóta á kjördæmaskipuninni. Um afgreiðslu þess hófst mikið þóf á þinginu, bæði innan flokka og á milli flokka. Yfirgnæfandi meirihluti Sjálfstæðisfloksins krafðist þess, að þetta tæki-færni til leiðréttингar á kjördæmaskipuninni yrði notað, svo fremi sem þingkosningar á annað borð færð fram. Framsóknarmenn vildu hins vegar ekki fresta þingkosningum lengur, þar sem þeir sögðu fylgi yfirgnæfandi meirihluta þingheims við kosningafrestun ætíð hafa verið forsendu fyrir slíkri frestun. Afleiðingin af öllu þessu varð sú, að stjórnarskrárbreytingin var samþykkt á Alþingi um vorið 1942 í fullri óþökk Framsóknar og með miklum svigurmælum af þeirra hálfu í garð Ólafs Thors um brigðmælgji. Þau brigzl urðu því harðari, þegar það kom í hlut Ólafs að mynda minnihluta ríkisstjórn Sjálfstæðisfloksins í því skyni að koma málinu fram. Ólafur taldi Framsóknarmenn mega sjálfum sér um kenna, að til stjórnarskrárbreytingar kæmi, því að efnisskilyrði fyrir kosningafrestuninni væri enn fyrir hendi. Hann hefði auk þess í allra lengstu lög reynt að ná samkomulagi við Framsókn um kjördæmabreytinguna. Hitt væri ekki á valdi sínu að stöðva framgang hennar úr því, sem komið væri.

Hinn 16. maí 1942 tilkynnti Ólafur Thors á Alþingi myndun sinnar fyrstu ríkisstjórnar og sagði m. a.:

„... hef ég myndað nýtt ráðuneyti, og er það svo skipað, að auk mín eiga sæti í því alþingismennirnir Jakob Möller og Magnús Jónsson.

Þegar fyrrv. forsætisráðherra, Hermann Jónasson, ritaði formanni Sjálfstæðisflokkssins bréf, dags. 15. apríl síðastl., og tjáði honum, að ráðherrar Framsóknarflokksins mundu fara úr ríkisstjórninni, ef felld yrði tillaga sú til rökstuddrar dagskrár, sem Framsóknarflokkurinn mundi bera fram til stöðvunar stjórnarskrármálsins við 2. umræðu þess málss, og þegar sýnt var, að stjórnarskrárbreytingin átti svo mikið þingfylgi, að dagskrá þessi hlaut að falla, var hafizt handa um undirbúnung þess, að mynduð yrði ríkisstjórn, sem fylgt gæti fram stjórnarskrárbreytingunni og farið með önnur mál, er fyrir liggja.

Var þá sérstaklega um tvær leiðir að ræða:

Að mynduð yrði samsteypustjórn einhverra þeirra flokka, er að málinu stóðu, eða að fjölmennasti flokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, myndaði einn stjórn.

Sjálfstæðisflokkurinn kaus síðari kostinn í því trausti, að innan þingsins sé og muni verða nægilega mikið fylgi við stjórnarskrárbreytinguna, til þess að afstýra vantrausti á þá ríkisstjórn, sem mynduð er til þess að fylgja þessu málum fram til fullnaðarsamþykktar.

Stjórn sú, er nú tekur við völdum, er stjórn Sjálfstæðisflokkssins í þeim skilningi, að hana skipa eingöngu Sjálfstæðismenn. Hins vegar hefur hún ekki þá aðstöðu flokksstjórnar að vera bær um að framkvæma þau stefnu- og hugsjónamál Sjálfstæðisflokkssins, sem ekki njóta stuðnings annarra flokka, þar eð Sjálfstæðismenn eru nú sem kunnugt er aðeins 16 á þingi, af alls 47 mönnum, er nú eiga þar sæti.

Hlutverk stjórnarinnar verður því fyrst og fremst það tvennt, að sjá farborða málí því, er stjórnarskiptum hefur valdið — stjórnarskrármálinu —, og að inna af hendi það höfuðverkefni undanfarinna ríkisstjórnna að verja þjóðina gegn áföllum á þessum einstæðu og örðugu tínum, framfylgja lögum og annast daglega afgreiðslu þeirra mála, er á hverjum tíma koma til úrskurðar og framkvæmda sérhverrar ríkisstjórnar.

Ríkisstjórnin mun samkvæmt eðli málsins ekki telja sig bæra um að taka upp eða fylgja fram nýjum ágreiningsmálum, meðan stjórnarskrármálið er til meðferðar, nema hún telji óumflýjanlega þjóðarnauðsyn til bera.

Þegar stjórnarskrármálið hefur náð samþykki þess Alþingis, er nú situr, mun þing tafarlaust verða rofið, svo sem 75. gr. stjórnarskrárinna mælir fyrir um, og stofnað til kosninga svo fljótt sem auðið er, væntanlega í júnílok eða byrjun júlímanaðar næstkomandi. Hið nýja þing mun síðan kvatt saman svo fljótt á þessu sumri sem kostur er á. Mun stjórnarskrárbreyting verða lögð fyrir það þing á ný, og verði hún þá samþykkt þar, verður það þing að sjálfsoðu rofið og stofnað til nýrra kosninga, væntanlega á næsta hausti, eftir ákvæðum hinnar nýju stjórnarskrárá.

Þá er það vilji stjórnarinnar, að skipuð verði milliþinganefnd, er semji frumvarp til laga að nýrri stjórnarskrárbreytingu, og gefist þá Alþingi kostur á að ganga endanlega frá sjálfstæðismálum þjóðarinna í samræmi við áður gefnar yfirlýsingar Alþingis í þeim eftum, þannig að stofnað verði lýðveldi á Íslandi.“

Í framhaldi þessa fóru fram tvennar alþingiskosningar á árinu 1942. Við hinar fyrri hlaut Sjálfstæðisflokkurinn 39.5% atkvæða og 17 þingmenn kosna, Framsóknarflokkurinn 27.6% atkvæða og 20 þingmenn kosna, Sósíalistaflokkurinn 16.2% og 6 þingmenn kosna og Alþýðuflokkurinn 15.4% og 6 þingmenn kosna. Þjóðveldismenn fengu 1.1% og Frjálslyndir vinstri menn 0.2%, og hvorugir nokkurn þingmann kosinn. Í haustkosningunum hlaut Sjálfstæðisflokkurinn 38.5% atkvæða og 20 þingmenn, Framsóknarflokkurinn 26.6% og 15 þingmenn, Sósíalistaflokkurinn 18.5% og 10 þingmenn, Alþýðuflokkurinn 14.2% og 7 þingmenn, Þjóðveldisflokkurinn 2.2% og engan þingmann.

Sumarið 1942 gerðist það, að Árni Jónsson frá Múla, skólabróðir Ólafs og fornvínur, varð viðskila við Sjálfstæðisflokkinn. Árni hafði verið þingmaður árin 1937—1942 og taldi sig öruggan um að hljóta þingsæti í annari hvorri Múlasýslu eftir að hlutfallskosningar í tvímenningskjördænum hefðu verið lögleiddar. Kosningaúrslitin um sumarið, þegar Árni bauð sig fram í Suður-Múlasýslu, sýndu hins vegar, að þetta var mjög á mörkum. Auk þess sótti Árni fast eftir stöðu, sem ráðherrar flokksins töldu sér ekki fært að veita honum. Af öllu þessu blossaði upp þykkja í þeirra garð. Árni hætti við framboð á Austurlandi og sótti eftir því að komast á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík við haustkosningarnar. Þegar hann reyndist ekki hafa fylgi í kjörnefnd flokksfélaganna þar, hvarf hann í lið með hinum svokölluðu Þjóðveldismönnum, sem boðið höfðu fram þá um vorið. Ekki hafði þetta verulega stjórnmalapýðingu, en varð öllum aðilum til leiðinda eins og verða vill, þegar ósátt kemur upp milli þeirra, sem lengi hafa unnið saman.

Petta sumar, 1942, varð Ólafi Thors að ýmsu leyti örðugt. Þar sem ófriðurinn dróst á langinn hafði í meginatriðum náðst samkomulag um að nota nauðsynlegt þinghald um sumarið 1942 og seinni kosningar, sem leiddu af kjördæmabreytingunni, til þess að lögfesta með stjórnarskrárbreytingu lýðveldisstofnun. En þá blönduðu Bandaríkjamenn sér í málið, og varð það úr, eftir að orðsendingar höfðu farið á milli og viðræður átt sér stað, að endanlegar ákvarðanir um lýðveldisstofnun skyldu ekki gerðar fyrr en eftir árslok 1943, þegar einhliða uppsögn sambandslaganna var heimil samkvæmt ákvæðum þeirra sjálfra. Jafnframt var þá gerð önnur breyting á stjórnarskránni, sem staðfest var 16. desember 1942, og var það síðasta stjórnarathöfn Ólafs Thors að því sinni.

Samkvæmt henni skyldi stofnun lýðveldis heimil með samþykki eins þings og samþykkt meirihluta allra kosningabærra manna í landinu við leynilega atkvæðagreiðslu. Afskipti Bandaríkjamanna, sem voru rökstudd með því, að einhliða ákvarðanir Íslendinga fyrir áramótin 1943 gætu vegna veru Bandaríkjaliðs á Íslandi bakað þeim tjón annars staðar, urðu til truflunar og misskilnings hér. Engu að síður leiddu þau til fyrirfram viðurkenningar Bandaríkjastjórnar á einhliða ákvörðunum Íslendinga eftir árslok 1943 og hindruðu ekki samþykkt stjórnskipunarlaganna 16. desember 1942, sem síðar urðu formlegur grundvöllur lýðveldisstofnunarinnar 1944. En það þóf, sem af þessu spratt, var í senn tímafrekt og skapaði grundvöll til tortryggni og ásakana um óvarlega meðferð sjálfstæðismálsins, sem Framsóknarmenn hófu þá þegar og aðrir tóku síðar undir.

Eins og raun bar vitni tókst, þrátt fyrir allar ásakanir, að þoka sjálfstæðismálinu verulega áleiðis. Hins vegar reyndist, þegar fram á árið kom, ómögulegt að framfylgja gerðardómslögunum, og voru þau þess vegna úr gildi felld. Verðlag fór og mjög hækkandi þessi misseri, enda var óspart alið á því af Framsóknarmönnum, að alger upplausn í efnahagsmálum hefði leitt af brotthvarfi Framsóknar úr ríkisstjórn þá um vorið vegna samþykktar á kjördæmabreytingunni. Dró ekki úr þeim ásökunum við ákvörðun Ingólfss Jónssonar, sem Ólafur Thors hafði fengið úrslitaráð í þeim efnum, þá um haustið, að rétta hlut bænda í verðlagsmálum frá því, sem áður hafði verið, en þar af spratt auðvitað ný kauphækjun til launþega vegna vísitöluhækkunar.

Að afloknum haustkosningunum 1942 var Alþingi stefnt til fundar hinn 14. nóvember 1942, og sagði stjórn Ólafs Thors af sér hinn sama dag. Treglega gekk um stjórnarmyndun í staðinn. Var reynt hvorttveggja: Allra flokka stjórn og svokölluð vinstri stjórn, þ. e. samvinna Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Sósialistaflokks. Hvorugt tókst. Fór þá Sveinn Björnsson ríkisstjóri að ókyrrast, aðvaraði flokkana um, að hann mundi reyna aðrar leiðir til myndunar nýrrar stjórnar, og gerði hann það hinn 16. desember 1942. Sjálfstæðismenn reyndu fram á síðustu stundu að koma á þingræðisstjórn og vörudu ríkisstjóra alvarlega við myndun utanþingsstjórnar, en hann fór sínu fram.

Forsætisráðherra hinnar nýju stjórnar, dr. Björn Þórðarson, lýsti hinn sama dag, hinn 16. desember, aðdraganda að stjórnarmynduninni svo:

„Eins og yður er kunnugt, hefur hið háa Alþingi reynt, að því er virðist til þrautar sem stendur, að mynda stjórn, er fyrirfram hefði stuðning Alþingis. Með því að þetta hefur ekki tekizt, þá hefur herra ríkisstjórin farið þá leið að skipa menn í ráðuneyti án atbeina Alþingis. Nú hef ég og samstarfsmenn mínr í hinu nýja ráðuneyti tekizt þennan vanda á hendur.“

Og í bréfi, sem ríkisstjóri skrifaði forseta sameinaðs þings hinn sama dag segir:

„Ég leyfi mér hér með að tilkynna yður, herra forseti, að ég hefi talið mér skylt að skipa stjórn utan þings, eftir að hafa kannað að árangurslausu allar hugsanlegar leiðir til myndunar stjórnar þingmanna, sem hefðu fyrirfram tryggt fylgi meiri-hluta Alþingis.“

Með þeiri athafnasem, sem lýsti sér í þessum aðgerðum ríkisstjórans, var mjög brugðið frá þeirri venju, sem konungur hafði ætíð fylgt frá því, að þingræði hófst fyrst á landi hér. Þá hafði fráfarandi ríkisstjórn undantekningarlaut verið látin sitja að völdum, stundum marga mánuði, þangað til tekint hafði að afla nýrri stjórn fylgis eða hlutleysis meirihluta þingmanna. Þessi regla hafði auðvitað ekki verið valin af handahófi, heldur vegna þess, að samkvæmt henni hvíldi ábyrgðin á Alþingi. Ef meirihluti þess vildi losna við sér ógeðfellda stjórn, varð hann að koma sér saman um aðra nýja. Ef utanaðkomandi aðili gripi inn í, var viðbúið, að hvötin til nauðsynlegs samstarfs og ábyrgðar meirihluta eyddist. Aðvaranir fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins við ríkisstjóra voru byggðar á slíkum bollaleggungum, enda töldu þeir, að hér væri í óefni stefnt. Ríkisstjóri hafði þær að engu. Málefna leg tortryggni Sjálfstæðismanna gegn þessari ráðstöfun, sem jafngilti afsetning ríkisstjóra á stjórn Ólafs Thors, hlaut að vaxa við val á hinnum nýja forsetirsáðherra. Allir viðurkenndu raunar, að hann væri einstakur heiðursmaður, en hinn 1. desember 1942 hafði hann haldið mjög einbeitta og harðorða ræðu um sjálfstæðismálið, sem ekki varð skilin á annan veg en svo, að hann gagnrýndi ráðagerðir um sambandsslit við Danmörku og lýðveldisstofnun, einnig eftir árslok 1943, þ. e. yfirleitt á meðan á ófriðnum stæði.

Ólafur Thors og nánustu samstarfsmenn hans voru því frá upphafi lítt hrifnir af þeirri ráðabreytni, sem fólst í skipun utanþingsstjórnarnarinnar. Engu að síður tóku þeir málefna lega afstöðu til hennar og studdu allar hennar tillögur, er þeir töldu horfa til góðs. Þeir fögnumu þess vegna heilshugar, þegar stjórnin tók veturninn 1943—1944 — gagnstætt því, sem óttatzz hafði verið eftir 1. desember-ræðu dr. Björns — mjög skelegga afstöðu með sambandsslitum og lýðveldisstofnun á árinu 1944. En þá brá svo við, að ríkisstjóri gerði, að ríkisstjórninni fornspurðri, tillögu um að bera málíð undir þjóðfund þvert ofan í ákvæði stjórnskipunarlaganna frá 16. desember 1942. Sú tillaga fékk þó engan hljómgrunn og tókst að ná svo að segja allsherjar-samkomulagi um markmið og málsmeðferð, sem staðfest var með þjóðaratkvæðagreiðslu um vorið 1944.

Í öllum þessum sviptingum reyndi mjög á einbeitni Ólafs Thors, og brást hún aldrei. En vegna þess ágreinings, sem upp hafði komið við ríkisstjórnann, Svein Björnsson, þótti Ólafi og ýmsum samstarfsmönnum hans ekki rétt að

kjósa Svein sem fyrsta forseta Íslands. Í framhaldi sjálfstæðisbaráttunnar töldu þeir eðlilegt að velja Sigurð Eggerz til þeirrar tignarstöðu. Pétur Magnússon beitti sér hins vegar eindregið fyrir kosningu Sveins og tryggði honum atkvæði svo margra Sjálfstæðismanna, að nægði til viðbótar fylgi hans í Alþýðuflokki og Framsókn. Eins og mál réðust vildi Sigurður Eggerz ekki vera í kjöri við forseta-kosningu í Sameinuðu þingi, og kusu þá sumir, sem ætlað höfðu að greiða honum atkvæði, Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, en aðrir skiluðu auðu. Þeim djúpstæða málefna-ágreiningi, sem hér var að baki, bæði um aðferðina við endurreisn lýðveldisins og meðferð þjóðhöfðingjavalds, hafði eftir föngum verið haldið leyndum til þess að draga ekki úr þjóðareiningu um endurreisn lýðveldisins. Þess vegna kom almenningi sundrungin við forsetakosninguna á Lögbergi mjög á óvart. En þessi ágreiningur átti ekkert skylt við persónulega óvild, enda sameinuðust allir um að sýna Sveini Björnssyni fulla hollustu eftir kjör hans. Sigurði Eggerz hafði og verið sagt það, að menn mundu ekki reiðubúnir til gagnframboðs gegn Sveini síðar, ef hann næði kosningu.

Hinn 18. júní 1944 hélt Ólafur Thors fyrir hönd Sjálfstæðisflokkssins skórulega ræðu fyrir utan Stjórnarráðshúsið í Reykjavík. Þar töluðu einnig hinn nýkjörni forseti Íslands og fulltrúar annarra stjórmálauflokka.

Meðan á undirbúningi lýðveldisstofnunar stóð var hvað eftir annað leitað eftir því af hálfu Sjálfstæðisflokkssins við hina þingflokkana, hvort gerlegt væri að mynda allra flokka stjórn. Framsóknarflokkurinn var slíkum ráðagerðum ætið andvígur, og eftir að ósamkomulag við Alþýðuflokkinn kom upp um meðferð málssins féll niður allt tal um þær. Þvílík viðtöl voru hins vegar tekin upp að nýju í júní 1944. Var þá að því miðað, að ríkisstjórn, sem nytí stuðnings Alþingis, gæti tekið við sem fyrst eftir stofnun lýðveldisins. Umraðum um þetta var þó þá frestað fram í ágústmánuð. Þá voru þær hafnar enn á ný og gerði þó hvorki að ganga né reka. Ráðuneyti dr. Björns Þórðarsonar fékk hins vegar lausn frá embætti hinn 16. september þá um haustið og var falið að starfa áfram unz annað ráðuneyti yrði myndað. Þegar fram í október kom, þótti sýnt, að ekki mundi heppnast að koma á samstarfi fjögurra flokka. Var þá kannað, hvort takast mætti að mynda tveggja flokka stjórn, Framsóknar og Sjálfstæðisflokkssins, undir forystu hlutlauss manns, eða stjórn þessara flokka að viðbættum Alþýðufloknum. Hvorugt reyndist unnt. Framsóknarmenn höfðu átt báðar þessar síðustu hugmyndir, og í því skyni að greiða fyrir stjórnarmyndun beittu þeir sér fyrir því þá um haustið, að baendur séllu frá kröfum verðhækku á búvöru sinni, sem útreikningar leiddu til. Þeir urðu því sárari, þegar Ólafur Thors, sem forseti Íslands hafði falið að leita fyrir sér um

stjórnarmyndun, tilkynnti hinn 21. október myndun nýrrar ríkisstjórnar, sem allir þingmenn aðrir en Framsóknarmenn stóðu að.

Stjórm þessi hlaut nafnið Nýsköpunarstjórn, og var Ólafur Thors forsætisráðherra hennar og utanríkisráðherra, en aðrir í stjórninni voru Pétur Magnússon fjármálaráðherra, Áki Jakobsson sjávarútvegsmálaráðherra, Brynjólfur Bjarnason menntamálaráðherra, Emil Jónsson samgöngumálaráðherra og Finnur Jónsson dómsmálaráðherra. Tveir hinir fyrst töldu voru tilnefndir af Sjálfstæðisflokknum, hinir næstu af Sameiningarflokki alþýðu – Sósialistaflokknum, og tveir hinir síðast töldu af Alþýðuflokknum. Eitt af nýmælum við skipun stjórnarinnar var það, að jafnmargir menn skyldu vera í henni af hverjum flokki. Með því að gera öllum flokkum jafnhátt undir höfði hugðist Ólafur auðvelda samstarfið, sem og varð, þó að jafnvel með þessu úrræði reyndist arið erfitt að koma stjórninni saman. Alþýðuflokkurinn var mjög tregur til þessa samstarfs, enda tortrygginn mjög í garð beggja, Sjálfstæðismanna og Sósialistaflokks. Forystumenn þessara síðast töldu flokka höfðu hins vegar nálgazt nokkuð við undirbúning endurreisnar lýðveldisins, og Einar Olgeirsson setti í ræðu hinn 11. september 1944 fram tillögur um nýsköpun atvinnulífsins, sem Ólafi Thors féllu vel í geð. Þegar Ólafur hafði lesið upp á Alþingi forsetaúrskurð um skipun og skiptingu starfa ráðherra og fleira, mælti hann:

„Ríkisstjórnin hefur komið sér saman um málefnagrundvöll, er felst í þeirri stefnuskrá, er ég nú skal leyfa mér að lesa upp.

I.

A. Stjórnin vill vinna að því að tryggja sjálfstæði og öryggi Íslands, með því m. a.

1. Að athuga, hvernig sjálfstæði þess verði bezt tryggt með alþjóðlegum samningum.

2. Að hlutast til um, að Íslendingar taki þátt í því alþjóðasamstarfi, sem hinar sameinuðu þjóðir beita sér nú fyrir.

3. Að undirbúa og tryggja svo vel sem unnt er þátttöku Íslands í ráðstefnum, sem haldnar kunna að verða í sambandi við friðarfundinn og Íslendingar eiga kost á að taka þátt í.

4. Að hafa náið samstarf í menningar- og félagsmálum við hin Norðurlandaríkin.

B. Að taka nú þegar upp samningatilraunir við önnur ríki í því skyni að tryggja Íslendingum þátttöku í ráðstefnum, er fjalla um framleiðslu, verzlu og viðskipti í framtíðinni, til þess þannig að leitast við:

1. Að ná sem beztum samningum um sölu á framleiðsluvörum þjóðarinnar og sem hagkvæmustum innkaupum.

2. Að fá viðurkenndan rétt Íslands til sölu á öllum útflutningsafurðum landsins, með tilliti til alþjóðlegrar verkaskiptingar á sviði framleiðslu.

3. Að vinna að rýmkun fiskveiðilandhelginnar og friðun á þýðingarmiklum uppeldisstöðvum fisks, svo sem Faxaflóa.

Samninganefndir verði svo skipaðar, að stéttum þeim, sem mest eiga í húfi, verði tryggt, að hagsmuna þeirra sé vel gætt.

II.

A. Það er meginstefna stjórnarinnar að tryggja það, að allir landsmenn geti haft atvinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur.

Þessu markmiði leitast stjórnin við að ná m. a. með þessu:

1. Af erlendum gjaldeyrí bankanna í Bretlandi og Bandaríkjum sé jafnvirði eigi minni en 300 millj. íslenzkra króna sett á sérstakan reikning. Má eigi ráðstafa þeim gjaldeyri án samþykkis ríkisstjórnarinnar og eingöngu til kaupa á eftirtoldum framleiðslutækjum:

1. Skip, vélar og efni til skipabygginga o. fl., samtals a. m. k. 200 milljónir króna.

2. Vélar og þess háttar til aukningar og endurbóta á síldarverksmiðjum, hraðfrystihúsum, niðursuðu, svo og til tunnugerðar, skipasmíða o. fl. — um 50 milljónir króna.

3. Vélar og þess háttar til áburðarverksmiðju, vinnslu og hagnýtingar landbúnaðarafurða og jarðyrkjuvélar og efni til rafvirkjana o. fl. um 50 milljónir króna.

Fært skal milli flokka, ef ríkisstjórnin telur ráðlegt, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. lið hér á eftir. Nefnd sú geri sem fyrst tilögur um frekari hagnýtingu erlendra innistæðna svo sem um efniskaup til bygginga. Almennt byggingarefni, svo sem cement og þess háttar, telst með venjulegum innflutningi. Efni til skipa, vélá og þess háttar, sem smíðað er innanlands, telst með innflutningi framleiðslutækja.

2. Ríkisvaldið hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er.

3. Tæki þessi skulu seld einstaklingum eða félögum og slík félög m. a. stofnuð af opinberri tilhlutan, ef þörf gerist.

Framleiðslutæki, sem keypt kunna að verða fyrir framlag hins opinbera að nokkuð eða öllu leyti, skulu ekki seld með tapi, nema öll ríkisstjórnin samþykki eða Alþingi ákveði.

4. Ríkisstjórnin skipar nefnd, er geri áætlanir um, hver atvinnutækni þurfi að útvega landsmönnum til sjávar og sveita, til að forðast, að atvinnuleysi skapist í landinu.

5. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um starfssvið nefndarinnar og vald hennar. Skal það m. a. ákveðið, að nefndin skuli leita fyrir sér um kaup framan greindra framleiðslutækja erlendis og smiði þeirra innanlands og hafa milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.

Komi í ljós, að vegna viðskiptareglna annarra þjóða verði talið hagkvæmt eða nauðsynlegt, að einungis einn aðili fjalli um kaup ofangreindra tækja, svipað og nú er um sölu á flestri útflutningsvöru landsmanna, skal ríkisvaldið hafa alla milligöngu í þessum efnum.

6. Við nýsköpun þá á atvinnulífi þjóðarinnar, er hér hefur verið getið, skal hafa sérstaka hliðsjón af þeim sölumöguleikum, sem tekst að tryggja Íslandi í heimsviðskiptunum.

Framkvæmdum innanlands í sambandi við öflun þessara framleiðslutækja skal haga með hliðsjón af atvinnuástandi í landinu, í því skyni, að komið verði í veg fyrir atvinnuleysi, meðan verið er að útvega hin nýju framleiðslutæki.

Ríkisstjórnin mun taka til athugunar, hverjum öðrum framkvæmdum ríkisvaldið skuli beita sér fyrir í því skyni að forðast atvinnuleysi.

Fjár til þessara þarfa skal, að svo miklu leyti sem það fæst eigi með sköttum, aflað með lántökum, e. t. v. skyldulánum. Athugað skal, hvort til greina komi skylduhluttaka í atvinnutækjum eftir fjáreign.

B. Ríkisstjórnin leggur áherzlu á að tryggja vinnufriðinn í landinu, og hefur í því skyni aflað sér yfirlýsinga frá stjórn Alþýðusambands Íslands og framkvæmdaneftir Vinnuveitendafélags Íslands um þetta.

C. Ríkisstjórnin hefur, með samþykki nægilegs meiri hluta Alþingis ákveðið:

1. Að sett verði á þessu þingi launalög, í meginatriðum í samræmi við frumvarp það, er 4 alþingismenn, einn úr hverjum þingflokkum, nú hafa lagt fyrir efri deild Alþingis, með breytingum til móts við óskir B. S. R. B.

2. Að samþykkt verði frumvarp það, er nú liggur fyrir Alþingi um breytingu á dýrtiðarlögum.

3. Með því að fjárlagafrumvarp það, er nú liggur fyrir Alþingi, er raunverulega með stórkostlegum tekjuhalla og er auk þess þannig úr garði gert, að ekki verður með nokkru móti hjá því komið að hækka útgjöld til verklegra framkvæmda verulega frá því, sem þar er áætlað, mun stjórnin til neydd að leggja á allháa nýja skatta, þar eð hún telur sér skylt að gera það, sem unnt er, til að afgreiða halllaus fjárlög. Verður leitazt við að leggja skattana á þá, er

helzt fá undir þeim risið, og þá fyrst og fremst á stríðsgróðann. Skattar á lág-tekjumenn verða ekki hækkaðir.

Eftirlit með framtölum verður skerpt.

D. Ríkisstjórnin hefur með samþykki þeirra þingmanna, er að henni standa, ákveðið, að komið verði á á næsta ári svo fullkomnu kerfi almannatrygginga, sem nái til allrar þjóðarinnar, án tillits til stéttu eða efnahags, að Ísland verði á þessu sviði í fremstu röð nágrannaþjóðanna. Mun frumvarp um slíkar almannatryggingar lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, enda hafi sérfræðingar þeir, er um undirbúning málsins munu fjalla, lagt fram tillögur sínar í tæka tið.

E. 1. Ríkisstjórnin hefur ákveðið og tryggt, að samþykkt verði á Alþingi, að Ísland gerist nú þegar þáttakandi í I. L. O., eða í þeirri stofnun, er við hennar störfum kann að taka.

2. Ríkisstjórnin vill gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að hindra, að tekjur hlutarsjómanna rýrni, enda verði leitazt við að bæta lífskjör þeirra og skapa þeim meira öryggi.

3. Ríkisstjórnin mun leggja kapp á að hafa sem öruggastan hemil á verðlagi og mun vinna að því, að sem minnstur kostnaður falli á vörurnar við sölu þeirra og dreifingu. Verður tekið til ýtarlegrar athugunar, á hvern hátt þessu marki bezt verði náð.

4. Loks hefur ríkisstjórnin ákveðið, að hafin verði nú þegar endurskoðun stjórnarskráinnar, með það m. a. fyrir augum, að sett verði ótvírað ákvæði um réttindi allra þegna þjóðfélagsins til atvinnu, eða þess framfærir, sem tryggingarlöggjöfin ákveður, félagslegs öryggis, almennrar menntunar og jafns kosningaréttar.

Auk þess verði sett þar skýr fyrirmæli um verndun og eflingu lýðræðisins og um varnir gegn þeim öflum, sem vilja vinna gegn því. Endurskoðun þessari verði lokið svo fljótt, að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi áður en kosningar fara fram og eigi síðar en síðari hluta næsta vetrar, og leggur stjórnin og flokkar þeir, er að henni standa, kapp á, að frumvarp þetta verði endursamþykkt á Alþingi að afloknum kosningum.

Stjórnin beitir sér fyrir, að sett verði nefnd, skipuð fulltrúum frá ýmsum almennum samtökum, stjórnarskrárnefnd til ráðgjafar.“

Að loknum lestri þessa málefnasamnings gerði Ólafur nánari grein fyrir einstökum atriðum og aðdraganda stjórnarmyndunarinnar. Hann sagði m. a.:

„En hverjum augum, sem á þetta er litið, verða þeir vafalaust fáir, sem ekki viðurkenna, að nú var ekki margra góðra kosta vöл. Í nær tvö ár hafði landið mátt heita stjórnþíð, vegna þess að samstarf var ekki milli stjórnar og þings. Hafði þegar af hlotizt mikið tjón og verður eigi með tölum talið.“

Pað gerði Ólafi þyngra fyrir, að fimm af þingmönnum Sjálfstæðisflokkurins neituðu að styðja þessa ríkisstjórn og gáfu um það yfirlýsing, jafnskjótt og Ólafur hafði haldið ræðu sína, og sögðu sig óbundna af þeim samningum, sem um þetta höfðu verið gerðir. Þ. á. m. voru þeir Pétur Ottesen og Jón Sigurðsson, sem Ólafur hafði manna lengst unnið með og voru aldavinir hans, þó að þetta bæri á milli. Varð þetta til nokkurs fálaetis innan flokksins um skeið. Sumir gengu þó til raunverulegs samstarfs við ríkisstjórn og meirihluta flokks áður en langt um leið, aðrir voru stjórninni ætið andvígir. Ekki leiddi þessi afstaða til varanlegrar þykkju, nema á milli þeirra Gísla Sveinssonar og Ólafs. Gísli hafði einnig verið andvígur þjóðstjórnarmynduninni vorið 1939, og þegar hér var komið, gat ekki dulizt, að þeir Gísli og Ólafur felldu ekki skap saman.

Þrátt fyrir þau innanflokk sárindi, sem af sérstöðu fimm menninganna stöfuðu, mæltist stjórnarmyndunin vel fyrir. Mönnum létti við, að Alþingi hafði rétt hlut sinn og reyndist vaxið þeirri höfuðskyldu að sjá þjóðinni fyrir þingræðisstjórn. Enda sneri stjórnin sér af röskleik og myndarskap að bví að leysa þau verkefni, sem hún hafði samið um. Mestu máli skipti, að margháttuð atvinnutæki voru útveguð til landsins og þá fyrst og fremst undirbúin endurnýjun togaraflotans.

Skjótlega kom hins vegar í ljós, að erfiðlega mundi ganga að koma sér saman í utanríkismálum. Fyrri hluta árs 1945 bárust boð um það, að Ísland gæti orðið eitt af stofnríkjum Sameinuðu þjóðanna, ef það vildi segja öðru hvoru eða báðum, Þýzkalandi eða Japan, stríð á hendur eða a. m. k. lýsa yfir, að striðsástand væri milli þessara ríkja annars eða beggja við Ísland. Málið var hinn 25. febrúar borið undir lokaðan fund albingismanna. Þar fékk yfirlýsing í þessa átt ekki stuðning nema frá málsvörum Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins, sem töldu sig fylgja skoðun Thors Thors sendiherra í Washington. Í fundarlok var gerð samþykkt, þar sem striðsyfirlýsing var efnislega hafnað, og var stofnaðild Íslendinga að Sameinuðu þjóðunum þar með úr sögunni.

Síðar á sama ári leitnuðu Bandaríkjameinir eftir samningi um herstöðvar hér til langs tíma. Ólafur Thors tjáði sendiherra þeirra þegar í stað, að slík málaleitan væri hið mesta óráð og til þess lögvið að skapa vandræði og tortrygggni. Er hún engu síður var formlega fram borin, var henni afdráttarlaust synjað.

Á þingi 1946 tókst að afgreiða ýmis stórmál eins og ný lög um almanna-tryggingar og löggjöf um nýtt skólakerfi. Hefur lengi loðað við, að margir hafa haldið, að Brynjólfur Bjarnason hafi látið undirbúa þá löggjöf, en sannleikurinn er sá, að þeir lagabálkar höfðu verið samdir af nefnd, sem dr. Einar Arn-

órsson, menntamálaráðherra í stjórn dr. Björns Þórðarsonar, hafði á sínum tíma skipað.

Prátt fyrir samstarf að endurnýjun atvinnutækja og margháttáðri nytjalaugjöf, leyndi sér ekki, að ýmsir misbrestir voru á. Snemma árs 1946 voru harðsóttar bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík; hlutu Sósíalistar þar ekki þann vinning, sem þeir höfðu talið sér vísan. Verðbólga fór og vaxandi. Varð allt þetta til þess, að heitorð stjórnarsamningsins um vinnufrið var miður haldið en menn höfðu vonað. Þingkosningar fóru fram hinn 30. júní 1946. Hlutu Sjálfstæðismenn þá 39.4% atkvæða og 20 þingmenn, Framsóknarflokkur 23.1% og 13 þingmenn, Sósíalistaflokkur 19.5% atkvæða og 10 þingmenn og Alþýðuflokkur 17.8% atkvæða og 9 þingmenn.

Síðar um sumarið leituðu Bandaríkjumenn eftir því að ná samningum um áframhaldandi not þeirra af Keflavíkurflugvelli. Réttarstaðan var óvissari en ella, vegna þess dráttar, sem fyrirsjáanlegt var að verða mundi á friðarsamningum við Þjóðverja. Ólafur Thors lagði á það áherzlu, að úr þeirri óvissu yrði skorið, en taldi ekki fært að synja með öllu afnotum Bandaríkjanna af vellinum, bæði sökum óvissu tímanns og nauðsynjar Bandaríkjanna á að halda sambandi við lið sitt í Evrópu. Fyrir öllum þessum málum gerði Ólafur Thors grein á fundi í sameinuðu Alþingi hinn 20. september 1946, þegar til umræðu var tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera samning við Bandaríki Ameríku um niðurfelling herverndarsamningsins frá 1941 o. fl. Ólafur sagði þá m. a.:

„Í júlímaðuði 1941 var hinn svonefndi herverndar-samningur gerður milli ríkisstjórnar Íslands og forseta Bandaríkjanna. Í bréfi ríkisstjórnar Íslands til forseta Bandaríkjanna segir m. a.:

„Bandaríkin skuldbinda sig til að hverfa burt af Íslandi með allan herafla sinn á landi og sjó, undir eins og núverandi ófriði er lokið.“

Hinn 1. október 1945 bar stjórn Bandaríkjanna fram óskir um að stjórn Íslands tæki upp viðræður við stjórn Bandaríkjanna um leigu til langs tíma á þrem tilgreindum herstöðvum hér á landi. Tilmælum þessum svaraði ríkisstjórnin hinn 6. nóvember s.l. á þá leið, að hún sæi sér ekki fært að verða við þeim, og eftir að sendiherra Íslands í Washington samkvæmt ósk stjórnar Íslands hafði rætt málið við stjórn Bandaríkjanna, tilkynnti hann stjórn Íslands hinn 8. des. s. l., að stjórn Bandaríkjanna hefði fallizt á að stöðva málið a. m. k. í bili. Í júlímaðuði s. l. var dvöl Bandaríkjahersins á Íslandi gerð að umræðuefni á Alþingi. Í sambandi við þær umræður gaf ég hinn 25. júlí svo hljóðandi yfirlýsingu:

„Ríkisstjórnin mun svo fljótt sem auðið er, hefja viðræður við stjórn Bandaríkjanna um fullnægingu og niðurfellingu herverndarsamningsins frá 1941 og

öll atriði, sem máli skipta í því sambandi, og gefa Alþingi skýrslu um málið strax og það kemur saman.“

Samkvæmt þessu fyrirheiti hóf ég í júlílok umræður við umboðsmenn stjórnar Bandaríkjanna um þetta mál í heild. Niðurstaðan liggur nú fyrir á því þingskjali, sem hér er til umræðu.

Aðalatriðin eru þessi:

1. Herverndarsamningurinn frá 1941 er úr gildi felldur.
2. Bandaríkin skuldbinda sig til að hafa flutt allan her sinn burt af Íslandi innan 6 mánaða frá því hinn nýi samningur gengur í gildi.
3. Bandaríkin afhenda Íslendingum tafarlaust Keflavíkurflugvöllinn til fullrar eignar og umráða.“

Ennfremur sagði Ólafur:

„Bandaríkin hafa með þessu samningstilboði algerlega fallið frá öllum kröfum um herstöðvar og landsréttindi. Hið eina, sem eftir stendur, er, að Bandaríkin skuli, um taikmarkaðan og stuttan tíma, fá að hafa áfram þau og þau ein afnot af Keflavíkurflugvellinum, sem þau telja sér nauðsynleg til þess að geta innt af hendi þær skyldur, sem þau hafa tekið að sér í sambandi við herstjórni Þýzkalands. Eru þau réttindi nánar skilgreind í 5. gr., og skal ég leyfa mér að lesa hana upp:

„Flugförum þeim, sem rekin eru af Bandaríkjastjórn eða á hennar vegum í sambandi við famkvæmd þeirrar skyldu, er Bandaríkin hafa tekizt á hendur, að hafa á hendi herstjórni og eftirlit í Þýzalandi, skulu áfram heimil afnot af Keflavíkurflugvellinum. Í þessu skyni skal stjórn Bandaríkjanna heimilt að halda uppi á eigin kostnað, beinlínis eða sína ábyrgð, þeirri starfsemi, þeim tækjum og því starfsliði, sem nauðsynlegt kann að vera til slíkra afnota. Taka skal sérstakt tillit til sérstöðu flugfara og áhafna þeirra hyað snertir tolla, landvistarleyfi og önnur formsatriði. Engin lendingargjöld skal geiða af slíkum flugförum.““

Dessi 5. gr. samsvarar að efni 4. gr. samningsins sjálfs.

Næstur Ólafi tók Brynjólfur Bjarnason til máls og mótmælti samningsgerðinni harðlega. Lauk hann máli sínu með þessari yfirlýsingu:

„Sósialistaflokkurinn lýsir yfir því, að hann telur samningsuppkastið og alla meðferð þessa máls brjóta algerlega í bág við þann grundvöll, sem stjórnarsamstarfið hvílir á.

Verði þessi þingsályktunartillaga samþykkt af hálfu samstarfsflokkja Sósialistaflokkssins, telur hann, að grundvöllur núverandi stjórnarsamstarfs sé ekki lengur til.“

Um þetta mál urðu harðar umræður utan þings og innan, og lauk því

svo, að tillagan var endanlega samþykkt með 32 atkvæðum gegn 19. Voru Sósíalistar og nokkur hluti Framsóknar andvígir, en aðrir þingmenn með. Eftir þá afgreiðslu hinn 5. október ítrekaði Brynjólfur Bjarnason yfirlýsingu af hálfu flokks síns um „að grundvöllur stjórnarsamstarfsins sé ekki lengur til og ráðherrar hans muni því ekki lengur sitja í þessari stjórn.“ Kvað Brynjólfur flokkinn mundu skrifa forsætisráðherra bréf þessa efnis, og sagðist Ólafur mundu taka það til athugunar jafnskjótt og hann fengi það í hendur. Hinn 10. október, þegar reglulegt þing kom saman, tilkynnti Ólafur síðan, að ríkisstjórnin hefði þann dag beðizt lausnar og forseti Íslands fallizt á lausnarbeiðnina og beðið stjórnina að gegna áfram störfum, unz ný stjórn hefði verið mynduð.

Hófst nú langt þóf um stjórnarmyndun. Meðan á því stóð þurfti að senda menn á þing Sameinuðu þjóðanna, sem Alþingi hafði þá um sumarið samþykkt, að Íslendingar skyldu gerast aðili að, enda var það nú fáanlegt, þó að ekki yrði úr stríðsyfirlýsingu á sínum tíma. Ætlunin var að senda fulltrúa allra flokka á þingið, en um það varð ekki samkomulag, því að Sósíalistar settu það skilyrði, að ef allir fulltrúarnir kæmu sér ekki saman, þá skyldi Ísland sitja hjá. Þessu vildu aðrir ekki una, og varð því úr, að Sósíalistaflokkurinn hirti ekki um að fá neinn fulltrúa.

Um nýja stjórnarmyndun voru margháttar bollaleggingar, þ. á m. voru kannaðir möguleikar á myndun þriggja flokka stjórnar án aðildar Sjálfstæðismanna og endurreisn fyrra stjórnarsamstarfs.

Upp úr áramótum virtist um skeið horfa all-vænlega um þann möguleika, og var búið að draga saman megindraðti að stjórnarsamningi, þ. á m. um aukin völd nýbyggingarráðs í megindráttum mjög á sama veg og varð um fjárhagsráð síðar. Beitti Ólafur sér þá fyrir lokatilraun um að reka þetta saman á fundi í Stjórnarráðinu, er hófst síðari hluta dags og stóð fram eftir nóttu. Nokkuð s'óð þó þá enn á milli og einkum það óhjákvæmilega skilyrði Sósíalistaflokkssins, að utanríkismál skyldu fengin í hendur hlutlausum manni, sem aðhefðist það eitt, er stjórninni allri kæmi saman um. Þótti sumum flokksmönnum Ólafs slíkt skilyrði ekki umræðuvert hvað þá meira og varð það úr, að Ólafur sleit þessum samningatilraunum þá um nóttina. En ekki gerði hann það sársaukalaust, því að hann taldi samstarf atvinnurekenda og verkalyðs brýna nauðsyn, og undi sér sjálfur vel við þær framkvæmdir, sem Nýsköpunarstjórnin vann að.

Þegar þessar tilraunir voru farnar út um þúfur, varð það úr, að Stefán Jóh. Stefánsson tók að sér að reyna stjórnarmyndun undir forystu Alþýðuflokksins. Sú tilraun tókst hinn 4. febrúar 1947, og voru í stjórninni fulltrúar Alþýðuflokks, Framsóknar og Sjálfstæðisflokkss. Þó að Sjálfstæðisflokkurinn styddi þessa stjórn, var það af lítilli hrifningu gert. Meirihluti flokksins var

sömu skoðunar og Ólafur Thors, að æskilegra hefði verið að endurreisa gömlu stjórnina, ef mögulegt hefði reynzt á viðhlítandi veg. Sárindi Ólafs lýstu sér m. a. í því, að hann fékk sig ekki til að þiggja boð um að vera viðstaddir komu fyrsta nýsköpunartogarans, skömmu eftir að hin nýja stjórn hafði tekið við.

Falæti Ólafs hafði hins vegar ekki áhrif á afstöðu hans til þeirra mála, sem leysa þurfti. Hann reyndi ætíð að létta undir með þeim flokksmönnum sínum, Jóhanni Jósefssyni og Bjarna Benediktssyni, sem í stjórnina höfðu verið settir, og gerði sitt til að greiða fram úr öllum erfiðleikum. Á þessum árum reyndi mest á, þegar ákveða þurfti, hvort Ísland skyldi gerast aðili Atlantshafsbandalagsins, og var Ólafur eindreginn stuðningsmaður þess frá upphafi. Sjálfur lét Ólafur löngu síðar svo ummaelt, að hann teldi sér hafa missézt í því að vilja ekki taka sæti í þessari ríkisstjórn.

Framsóknarflokkurinn sleit þessu stjórnarsamstarfi sumarið 1949. Var þá efnt til kosninga hinn 23. og 24. október um haustið. Sjálfstæðisflokkurinn hlaut 39.5% atkvæða og 19 þingmenn kosna, Framsóknarflokkur 24.5% atkvæða og 17 þingmenn, Sósíalistaflokkur 19.5% atkvæða og 9 þingmenn og Alþýðuflokkurinn 16.5% atkvæða og 7 þingmenn. Eftir þær kosningar neitaði Alþýðuflokkurinn með öllu að taka þátt í stjórnarmyndun, og Sjálfstæðisflokkur og Framsókn höfðu litla löngun til að ganga til stjórnarsamstarfs tveir einir. Varð þá úr, að Sjálfstæðisflokkurinn skyldi einn mynda stjórn undir forstu Ólafs Thors. Sú stjórn tók við hinn 6. desember 1949, og gerði Ólafur grein fyrir stjórnarmynduninni hinn sama dag á fundi í sameinuðu Alþingi. Með honum voru í stjórn þeir Björn Ólafsson, Jóhann Jósefsson, Jón Pálmason og Bjarni Benediktsson. Um stjórnarmyndunina fórust Ólafi orð á þessa leið:

„Í umræðum þeim, er fóru fram fyrir alþingiskosningarnar í október s. l., gerði Sjálfstæðisflokkurinn grein fyrir því, með hverjum hætti hann teldi hyggilegast að vinna bug á þeim örðugleikum, sem nú steðja að íþróðlifi Íslendinga, og þá einkum í atvinnu- og fjármálum. Þess var að vísu getið af flokksins hálfu, að ekki væri unnt að fullyrða, að hann réði fremur en aðrir yfir alveg óyggjandi úrræðum til lausnar þessum vanda, en á það var lögð höfuðáherzla, að skilyrði þess, að úrræði flokksins yrðu framkvæmd, væri, að hann fengi meirihluta á Alþingi.

Flokkurinn fékk ekki þennan meirihluta. Og þar sem enginn annar flokkur öðlaðist heldur meirihluta á Alþingi, ákvað Sjálfstæðisflokkurinn að beita sér fyrir sem viðtækustu samstarfi þeirra flokka, er stóðu að fyrrverandi stjórn, um stjórn landsins og löggjöf. Taldi flokkurinn þó óvænlega horfa um frið milli flokka, og eru auk þess að sjálfsögðu löngu ljósir annmarkar slíks samstarfs.

Í samræmi við þessa ákvörlun og eftir umboði forseta Íslands gerði Sjálf-

stæðisflokkurinn tilraun til myndunar meirihlutastjórnar og tók einnig vel umleitunum Framsóknarflokksins meðan stóð á tilraunum hans til stjórnarmyndunar.

Eftir að sannprófað var, að í bili var ekki auðið að mynda meirihlutastjórn, beindi forseti Íslands þeirri beiðni til míni, að ég myndaði innanþingsstjórn, enda þótt hún hefði ekki fyrirfram tryggðan stuðning meirihluta Alþingis.

Sjálfstæðisflokkurinn ræddi málið á tveimur fundum, 25. og 26. fyrra mánaðar. Leit flokkurinn svo á að athuguðu máli að með því að hann er stærsti flokkur þings og þjóðar, bæri honum ótvírað skylda til þess að verða við framangreindum tilmælum forseta Íslands, úr því að eigi hefði reynzt auðið að mynda meirihlutastjórn. Tilkynnti ég því forseta Íslands, laugardaginn 26. fyrra mánaðar, að ég í samræmi við vilja flokksins, tæki að mér að mynda stjórn, svo sem forseti hafði farið fram á. Var ætlunin að leggja ráðherralistann fyrir forseta til skipunar ráðuneytis fyrri hluta síðustu viku. En þennan dag að kvöldi lagðist ég í lungnabólgu, og hefur því þessi dráttur orðið á stjórnarmynduninni.

Stjórn sú, sem nú sezt að völdum, hefur ekki tryggt sér hlutleysi né stuðning neinna þingmanna utan Sjálfstæðisflokksins. Hún er því viðbúin vantrausti hvenær sem er. En á meðan hún fer með völdin mun hún leitast við að leysa þann vanda, er liggur fyrir, með þeirri samvinnu við þingið, sem nauðsynleg er og kostur er á. Enda er það ljóst, að svo sem Alþingi nú er skipað, verður úrlausn þeirra mála, sem löggjafar þarf um, ef flokka greinir á um, ekki náð, nema með samningum þeirra í milli.

Það mál, sem nú þarfnastr skjótastrar úrlausnar, er, með hverjum hætti verði greitt fyrir því af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar, að útgerðin þurfi ekki að stöðvast nú um áramót. En svo sem kunnugt er, hefur allt frá því 1946 þurft að leysa þann vanda með löggjöf. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst yfir því, að hann teldi þau úrræði, sem beitt hefur verið, ekki vera til frambúðar. Þótt menn greini mjög á um, hvernig til frambúðar skuli ráða fram úr þessum málum, eru allir, eða flestir, sammála um, að úrlausn fáist ekki, nema gerðar séu margar samfelldar ráðstafanir, sem verulegs undirbúnings þarfnastr og verða því ekki framkvæmdar án nokkurs aðdraganda. Nægir um það að vísa til yfirlýsinga flokkanna fyrir kosningar. Til bráðabirgða verður því sennilega nú um áramótin að fara troðnar slóðir, jafnframt því sem þegar í stað verður að hefja undirbúning lausnar, sem varanlegri geti orðið, og er þar fyrst að telja samþykkt greiðsluhailalausra fjárlaga.

Svo sem afstöðu ríkisstjórnarinnar til Alþingis er háttar, telur hún á þessu stigi að öðru leyti ekki ástæðu til að fjölyrða um fyrirætanir sínar. Þær munu koma fram í málum þeim, er ríkisstjórnin leggur fyrir Alþingi og daglegum

stjórnarháttum, og gefst Alþingi þá að sjálfsögðu færí á að kveða á um traust sitt eða vantraust á stjórninni. En sú skoðun Sjálfstæðisflokkssins er óbreytt, að úr því honum tókst ekki að ná þinglegum meirihluta við kosningarnar, þá sé farsaelast að koma á sem viðtækustu samstarfi milli áðurgreindra flokka um stjórn landsins og löggjöf.

Að þessu mun stjórnin vinna, og sjálfur finn ég ástæðu til að taka það sérstaklega fram, að slíkt samstarf er á engan hátt háð forsæti mínu eða þáttöku í væntanlegri ríkissjórn.“

Þegar hér var komið hafði lengi svo fram farið, að ef efnahagsörðugleika bar að, voru viðbrögðin þau, að ríkið jók íhlutun sína og hert var á höftum og hömlum. Sjálfstæðismenn höfðu átt þátt í þessari þróun, að vísu oft sárnaðugir, en ómögulegt hafði reynzt að ná samkomulagi um annað. Nú vildu menn hverfa af þessari braut og stefna í frjálsræðisátt. Voríð 1949 hafði dr. Benjamír Eiríksson, sem þá var starfsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington, komið að máli við Bjarna Benediktsson, þegar hann var staddur vestra. Í samtali þeirra varð skjótt ljóst, að skoðanir þeirra féllu mjög saman. Í framhaldi þessa hafði dr. Benjamín komið til Íslands sumarið 1949 og samið álitserð um efnahagsmál fyrir þáverandi ríkisstjórn, þ. e. stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar. Varð nú úr, að dr. Benjamín skyldi aftur kvaddur til landsins og hann og professor Ólafur Björnsson fengnir til þess að semja tillögur um nauðsynlegar efnahagsráðstafanir. Þeir tóku til óspilltra mála, unnu jafnvel sjálfa jóladagana, og um mánaðamótin janúar—febrúar var tilbúið frumvarp til laga um gengis-skráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. Þá var leitað samkomulags við Alþýðuflokk og Framsóknarflokk um málið, og hófust samningaviðræður við Framsókn, en þegar hvorki rak né gekk var frumvarpinu útbýtt á Alþingi hinn 25. febrúar. Sama dag var lögð fram á þingi vantraustsyfirlýsing á ríkisstjórnina flutt af hálfu Framsóknar, enda hafði hún í samningaviðræðunum talið nauðsynlegt, að jafnframt því, sem samið yrði um framgang frumvarpsins, væri samið um myndun nýrrar ríkisstjórnar.

Þegar vantrauststillagan kom til umraðu hinn 1. marz var Ólafur Thors veikur af inflúenu, en vegna tengsla vantraustsins við meðferð stjórnarfrumvarpsins þótti ekki fært að fresta umraðunni. Tillagan var samþykkt með 33 atkvæðum gegn 18, þ. e. a. s. öllum atkvæðum gegn atkvæðum Sjálfstæðis-manna. Ríkisstjórninni var veitt lausn frá störfum hinn 2. marz, en falið að gegna þeim áfram venju samkvæmt, þangað til ný stjórn yrði mynduð. Tilaraunir til stjórnarmyndunar höfðu staðið mikinn hluta febrúar. Þær höfðu aðallega strandað á því, að Framsóknarmenn fengust ekki til að semja fyrirfram um lausn efnahagsmálanna, heldur vildu þeir, að stjórnin yrði mynduð í því

skyni að semja um lausn málsins og höfðu fallizt á, að Bjarni Benediktsson yrði forsætisráðherra, ef til kæmi, því að enn vildu þeir ekki una forsæti Ólafs vegna væringanna frá árunum 1942 og 1944. Eins og á stóð eftir samþykkt vantrauststillögunnar taldi forseti, Sveinn Björnsson, því vænlegustu leið til stjórnarmyndunar að efna til utanþingsstjórnar, og hafði kvatt Vilhjálm Þór til forystu. Þegar ný utanþingsstjórn blasti við, leitaði Ólafur hins vegar samkomulags við Hermann Jónasson og aðra foringja Framsóknar um að hindra súlikar tiltektir. Gekk þá skjótlega saman um málfefnasamning og var Steingrími Steinþórssyni falin stjórnarforysta. Skyldu vera með honum af hálfu Framsóknar þeir Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson og af hálfu Sjálfstæðismanna Ólafur Thors, Björn Ólafsson og Bjarni Benediktsson. Ólafur tók að sér sjávarútvegsmál og nokkur fleiri. Þessi stjórn tók við völdum hinn 14. mars 1950. Nýi forsætisráðherrann gerði grein fyrir stefnu stjórnarinnar og sagði m. a.:

„Ríkisstjórnin er fyrst og fremst mynduð til þess að koma á, eftir því sem unnt er, jafnvægi í viðskipta-, atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar.

Í þessu skyni hafa stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar samið um afgreiðslu á frumvarpi því, er nú liggar fyrir Alþingi um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., með breytingum, sem nánari grein verður gerð fyrir síðar og samkomulag hefur náðst um milli stuðningsflokkra ríkisstjórnarinnar.“

Af athöfnum Ólafs í þessari ríkisstjórn voru framkvæmdir í landhelgismálinu afdrifaríkastar. Svo sem fyrr var frá sagt, var landhelgismálið eitt þeirra mála, sem upp skyldi taka samkvæmt samningunum um Nýsköpunarstjórnina haustið 1944. Frá upphafi var ljóst, að það mál mundi þurfa mikinn undirbúning, og því var það, að Ólafur Thors réði hinn 20. september 1946 Hans G. Andersen sem þjóðréttarráðunaut í utanríkisráðuneytið, einkum með það fyrir augum að vinna að landhelgismálinu, enda hafði Hans þá þegar kynnt sér það öllum öðrum Íslendingum betur. Í samræmi við tillögur hans voru gerð lög, staðfest hinn 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og hafa allar síðari ráðstafanir í þessum eftum verið byggðar á þeiri löggjöf. Síðari hluta árs 1949 var samningnum við Bretland frá 1901 sagt upp, en vegna þess, að frá Bretum mátti vænta mestrar andstöðu, þótti rétt að bíða með beinar aðgerðir gegn þeim, þangað til við værum sem bezt búrir til baráttunnar. Þess vegna var byrjað með reglugerð frá 22. apríl 1950 um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi, sem skipti Breta tiltölulega litlu máli. Ólafur Thors setti þessa reglugerð, eftir að hann hafði tekið við sjávarútvegsmálaráðherraembætti í stjórn Steingríms Steinþórssonar. Samningurinn við Breta skyldi falla úr gildi hinn 3. október 1951 og haggaði reglugerðin frá því í apríl 1950 auðvitað engu um gildi

hans. Haustið 1951 þótti enn rétt að doka við og sjá, hver yrði dómur Alþjóða-dómstólsins í Haag í delumáli Bretta og Norðmanna. Eftir að niðurstöður hans höfðu verið rækilega athugaðar, gaf Ólafur Thors hinn 19. mars 1952 út reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland og voru nýjar grunnlínur dregnar hvarvetna til friðunar flóum og fjörðum og fjögurra mílna landhelgi ákveðin frá þeim grunnlínum. Reglugerðin öðlaðist gildi hinn 15. maí 1952, og varð það mikill fagnaðardagur meðal Íslendinga, ekki sízt hjá þeim, sem framfæri sitt höfðu af sjávarafla.

Bretar brugðust hins vegar illa við, og hófst margra ára deila við þá. Brezk stjórnarvöld létu raunar sitja við mótmæli, enda skutu þau sér undan því að bera málið undir Alþjóðadómstólinn eins og Íslendingar lögðu til, en lögðu af hálfu einkaaðila löndunarbann á íslenzkan ísfisk. Tókst ekki að fá því aflétt fyrr en að nokkrum árum liðnum og þá ekki sízt fyrir forgöngu Ólafs Thors, sem m. a. í eitt sinn fór til viðræðna við brezka stjórnmálamenn í London þessara erinda, að vísu árangurslaust að því sinni, og síðar bæði á fund í Efnahagsstofnun Evrópu og Atlantshafsráðinu, til að vekja athygli hinna æðstu manna í Bretlandi á þeim vandræðum, er af þessu hlytust. Loks var svo komið vorið 1956, eftir langvinnt samningaþóf, að hægt var að fá löndunarbanninu aflétt. En vegna kergju, sem þá var komin í stjórnarsamstarfið, dróst það þangað til eftir kosningar og myndun Vinstri-stjórnarinnar þá um sumarið.

Sveinn Björnsson, forseti Íslands, dó snemma árs 1952, og voru nýjar forsetakosningar ákveðnar í júní sama ár. Strax og farið var að ræða um væntanlegt forsetakjör kom í ljós skoðanaÁgreiningur innan Sjálfstæðisflokkssins. Ýmsir hvöttu Ólaf Thors sjálfan til að verða í kjöri, en aðrir töldu það mjög óráðlegt, ekki vegna þess, að Ólafur væri ekki vel til forseta fallinn, heldur af því, að þeir töldu meiri þörf á honum til stjórnmálaþorystu. Sjálfur aftók Ólafur með öllu að verða í kjöri; vissi hann og, að Thor bróðir hans hafði hug á framboði. Þegar á reyndi, neitaði Thor þó einnig framboði, e. t. v. vegna þess, að honum þótti stuðningur flokkssins við sig ekki nógu eindreginn. Enda töldu sumir Thor þá enn helzt til of ungan, innan við fimmtugt, til þvílíkra starfa, og hreint flokks-framboð ekki vænlegt til sigurs, heldur þvert á móti líklegt til að þjappa andstæðingum saman. Innan flokkssins náðist ekki fylgi meirihluta hvorki við Ásgeir Ásgeirsson né Gísla Sveinsson. Gegn Ásgeiri var það haft, að hann væri þingmaður annars flokks og hefði verið reikull í sínu stjórnmálaráði. Um Gísla Sveinsson töldu flestir, sem til þekktu, að þótt að hann gæti verið manna ljúfastur og léttur í tali, þá ætti hann einnig til slíkt yfirlæti, að ekki hæfði æðsta manni íslenzku þjóðarinnar. Að lokum náðist samkomulag við Framsóknarflokkinn um framboð séra Bjarna Jónssonar vígslubiskups, sem þó var mjög tregur til að gefa kost á sér. Kosning-

arnar fóru svo, að Ásgeir Ásgeirsson var kosinn, og er því ekki að leyna, að Ólafur Thors tók þau úrslit nærrí sér. Ekki vegna andúðar á Ásgeiri Ásgeirssyni, því að þeir voru góðir kunningjar og höfðu leyst mangan sameiginlegan vanda, heldur sárnaði Ólafi, að verulegur hluti Sjálfstæðismanna hafði bersýnilega kosið annan en þann, sem Ólafur og flestir aðrir forystumenn floksins höfðu beitt sér fyrir. Prátt fyrir vonbrigði Ólafs, tókst góð samvinna með honum og herra Ásgeiri Ásgeirssyni sem forseta, og vildi Ólafur á sínum efstu dögum láta það koma fram, að hann kynni vel að meta, hvernig Ásgeir leysti skyldustörf sin af hendi.

Samvinna innan stjórnar Steingríms Steinþórssonar var eftir atvikum góð, og virtust um síðir horfur á því, að hin harða baráttu, sem lengi hafði staðið milli Framsóknar- og Sjálfstæðismanna, færri rénandi, enda eirði Framsókn að þessu sinni í samstarfi út kjörtímabilið, mjög á móti venju, bæði fyrr og síðar. Deilur mögnuðust þó, þegar að kosningum leið, og sjálf kosningaúrslitin hinn 28. júní 1953 sköpuðu nýja ókyrrð í hópi Framsóknar. Vegna framboðs Þjóðvarnarflokkssins lækkaði Framsókn úr 24,5% í 21,9% atkvæði og missti einn þingmann, þannig að þingmannafjöldi hennar varð 16. Sjálfstæðismenn lækkuðu einnig í hlutfalli úr 39,5% í 37,1% vegna framboðs LÝðveldisfloksins, en þingmannatala Sjálfstæðisfloksins óx úr 19 í 21. Sósíalistaflokkurinn fékk 16,1% atkvæða og 7 þingmenn, Alþýðuflokkurinn 15,6% og 6 þingmenn, Þjóðvarnarflokkur 6% og 2 þingmenn, LÝðveldisflokkur 3,3% og engan þingmann.

Af fyrrgreindum orsökum urðu verulegir annmarkar á áframhaldandi samstarfi flokkanna. Eðlilegt þótti, að stjórn Steingríms Steinþórssonar færi frá, en vafasamara, hvað við ætti að taka. Framsókn hafði bæði 1944 og 1950 þvertekið fyrir að ganga í stjórn undir forstu Ólafs Thors. Nú gilti það bann ekki lengur, og lagði Ólafur áherzlu á, að Hermann Jónasson yrði með í stjórninni, og þá sem utanríkisráðherra. Hermann mun hafa látið þess kost, ef hann fengi bæði utanríkismál og dómsmál, en meðferð þeirra höfðu Framsóknarmenn fyrir kosningar gert að höfuð-árásarefni á Bjarna Benediktsson. Hvorki Ólafur né aðrir vildu að svo vöxnu máli láta dómsmálin af hendi, enda gerði Framsókn þess engan kost að sleppa meðferð landbúnaðarmála og tók Hermann Jónasson því ekki sæti í hinni nýju ríkisstjórn. Ólafi urðu að því veruleg vonbrigði, því að hann vildi mikið vinna til að eyða hinum persónulega ágreiningi við Hermann Jónasson. Endalokin urðu þau, að hinn 11. september féllst forseti Íslands á beiðni Steingríms Steinþórssonar um lausn frá embætti fyrir sig og ráðuneyti sitt, og var Ólafur Thors sama dag skipaður forsætisráðherra og með honum Steinþímur Steinþórsson, Eysteinn Jónsson og dr. Kristinn Guðmundsson af hálfu Framsóknar og Ingólfur Jónsson og Bjarni Benediktsson fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Auk starfa forsætisráðherra fór Ólafur með sjávarútvegsmál og nokkur

önnur málefni, er minni þýðingu höfðu. Ólafur greindi frá stjórnarmynduninni í útvarpsræðu, sem hann hélt að kvöldi hins 11. september.

Þá sagði hann m. a.:

„Stjórnarflokkarnir hafa gert með sér samning, sem greinir meginstefnu stjórnarinnar og kveður ennfremur á um framkvæmd nokkurra höfuðmála, sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir á næstunni. Samningurinn er á þessa leið:

Það er höfuðstefna ríkisstjórnarinnar, að tryggja landsmönnum sem öruggasta og bezta afkomu.

Til þess að því marki verði náð telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, að sem mest frjálsræði ríki í viðskipta- og atvinnulífi þjóðarinnar, en skilyrði þess, að svo megi verða, er að tryggt verði jafnvægi í efnahagsmálum inn á við og út á við. Ríkisstjórnin mun því beita sér fyrir hallalausum ríkisbúskap og fyrir því, að atvinnuvegirnir geti orðið reknir hallalaust þannig að þeir veiti næga atvinnu.

Haldið mun verða áfram að vinna að framkvæmd framfaramála þeirra, sem fyrrverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir og um einstök mál skal þetta tekið fram:

1. Lokið verði á næsta Alþingi endurskoðun skatta- og útsvarslaga, m. a. með það fyrir augum að lækka beina skatta og færa með því til leiðréttингar misräemi vegna verðlagsbreytinga og stuðla að aukinni söfnun sparifjár.

2. Hraðað verði byggingu orkuvera, dreifingu raforku og fjölgun smástöðva (einkastöðva) vegna byggðarlaga í sveit og við sjó, sem ekki hafa rafmagn eða búa við ófullnægjandi raforku, og unnið að lækkun raforkuverðs, þar sem það er hæst. Tryggt verði til þessara framkvæmda fjármagn, sem svarar 25 milljónum króna á ári að meðaltali næstu ár. Í þessu skyni verði lögboðin árleg framlög af ríkisfé aukin um 5–7 milljónir króna og Rafmagnsveitum ríkisins og Raforkusjóði tryggðar 100 milljón krónur að láni, og sitji það fyrir öðrum lánsútvegunum af hendi ríkisstjórnarinnar, að undanteknu láni til sementsverksmiðjunnar. Auk þess séu gerðar ráðstafanir til að hraða áframhaldandi virkjun Sogsins.

3. Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum, kauptúnum og þorputum, lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar.

4. Því verði til vegar komið að framleiðendur sauðfjárafurða eigi kost á rekstrarlánum út á afurðir sínar fyrirfram snemma á framleiðsluárinu eftir hliðstæðum reglum og lánað er út á sjávarafurðir.

5. Endurskoðaðar verði reglur um lán til iðnaðarins með það fyrir augum að koma fastari skipun á þau mál.

6. Haldið verði áfram að stuðla að öflun atvinnutekja til þeirra byggðarlagar, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða, til þess að fullnægja atvinnubörf íbúanna og stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

7. Til þess að auðvelda framkvæmd varnarmála verði sett á stofn sérstök deild í utanríkisráðuneytinu, sem fari með þau mál.

8. Fjárhagstráð sé lagt niður, enda séu nauðsynlegar ráðstaðanir gerðar af því tilefni.

Varðandi þingrofsréttinn hefur verið um það samið nú eins og þegar ríkisstjórn Steingríms Steinþórssonar var mynduð, að forsætisráðherra geri ekki tillögur til forseta um þingprof nema með samþykki beggja stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar eða ráðherra þeirra.

Eins og málefnsamningurinn ber með sér hefur ríkisstjórnin eigi aðeins markað skýrlega höfuðstefnu sína. Hún hefur einnig ákveðið að halda áfram baráttu fyrir framkvæmd á ýmsum þeim málefnum, sem fyrrverandi stjórn hafði enn eigi unnitími til að koma heilum í höfn, og samið með sér að hrinda í framkvæmd strax, eða svo skjótt sem auðið er, nokkrum þeim stórmálum, sem þjóðarþörf kallar á.

Það er vitað mál, að þeim tveim flokkum, sem að hinni nýju ríkisstjórn standa, ber margt á milli. Þeir áttu nú um það að velja að leggja út í harðvítuga baráttu um ágreiningsmálin eða að leita samvinnu um þau mál, þar sem ekki ber meira á milli en svo, að sameiginleg stefna yrði fundin.

Þeir 37 þingmenn, sem standa að myndun hinnar nýju ríkisstjórnar hafa valið síðari kostinn. Þeir vænta þess, að þjóðin muni fagna þessu samstarfi og þeim fyrirheitum, sem felast í málefnsamningnum, og treysta því, að þær ákvárdanir, sem nú hafa verið teknar, og ég hefi greint frá, megi verða landi og lýð til blessunar.“

Um þessa ríkisstjórn má segja svipað og þá næstu á undan, að eftir atvikum var samstarf innan hennar lengst af gott. Hún vann og verulega að framkvæmd stefnumála sinna, einkum að endurreisn lánakerfis fyrir íbúðabyggingar og raforkuáætlun fyrir strjálbýlið. Hins vegar varð snemma ljóst, að stjórnin var veikari en ella, af því að aðalforingi Framsóknarflokksins, Hermann Jónasson, átti ekki sæti í henni og stefndi markvisst að því, að koma á öðru stjórnarsamstarfi. Voríð 1955 gekk mikil verkfallaalda yfir, henni var a. m. k. að nokkru beint gegn ríkisstjórninni og duldist ekki, að annar armur Framsóknar átti þar hlut að. Fyrri hluta árs 1956 slitnaði og alveg upp úr á milli stjórnarflokksanna. Framsókn ákvað að slíta stjórnarsamstarfi og gerði samþykktir í hinum mikil-

vægustu málum, utanríkismálum, með stjórnarandstæðingum án þess að gera samstarfsflokknum grein fyrir, hvað í aðsigi væri. Þá um vorið myndaði hún loks kosningabandalag, hið svokallaða Hræðslubandalag, með Alþýðuflokknum og var kosningabaráttan háð af meiri hörku en oft ella.

Hinn 27. mars tilkynnti Ólafur Thors, að sér hefði borizt tilkynning frá ráðherrum Framsóknarflokksins, þar sem m. a. segir:

„Lokið er stuðningi Framsóknarflokksins við núverandi ríkisstjórn.“

Með tilvísun til þessarar ákvörðunar Framsóknarflokksins og til ákvæðis í stjórnarsáttmálanum hafði forsætisráðherra sama dag óskað lausnar fyrir ráðuneytið og forseti samþykkt það, jafnframt því, sem hann mæltist til þess að ríkissjórnin starfaði áfram fram yfir kosningar. Féllest ríkisstjórnin á það, og voru almennar kosningar ákveðnar hinn 24. júní 1956. Þeim kosningum lykt-aði svo, að Sjálfstæðismenn fengu 42.4% atkvæða og samtals 19 þingmenn kosna, Alþýðubandalag 19.2% og 8 þingmenn, Alþýðuflokkur 18.3% og 8 þingmenn, Framsóknarflokkur 15.6% og 17 þingmenn, Þjóðvarnarflokkur hlaut 4.5% og engan þingmann. Að kosningum loknum var mynduð stjórn flokkanna þriggja: Framsóknar-, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags, sem nú nefndi sig svo. Sú stjórn tók við hinn 24. júlí þá um sumarið.

Næstu misseri var lítið eða ekki haft samráð við Sjálfstæðismenn um afgreiðslu hinna þýðingarmestu mála. Að hinu var stefnt, enda því berum orðum yfir lýst, að sá væri tilgangurinn, að setja þá til hliðar. Þá sjaldan sem við Sjálfstæðismenn var rætt um lausn mála áður en hún var ráðin, virtist það gert vegna innbyrðis togstreitu í ríkisstjórninni og ætlunin að fá Sjálfstæðismenn til að tjá sig, þótt allt væri á huldu um hvað fyrir stjórnarherrunum vakti. Ólafi þótti lítið til slíks koma og hirti ekki um þátttöku í þeirri streitu. Eftir Genfar-ráðstefnuna fyrri, vorið 1958, sauð upp úr um ósamkomulag stjórnarinnar í landhelgismálinu, enda lá þá við, að hún klofnaði og segði af sér. Ólafur beitti þá áhrifum sínum til stuðnings þeim, sem vildu, að tóm gæfist til að vinna málstað okkar fylgi hjá öðrum þjóðum eða a. m. k. skýra hann fyrir þeim. Auk þess benti hann á, að hagkvæmt mundi að færa út grunnlínur og stækka með þeim hætti fiskveiðilögsögu okkar.

Síðar hið sama sumar, þegar sýnt var, að Bretar mundu senda herskip á Íslandsmið til að hjálpa brezkum togurum við brot á hinni nýju fiskveiðireglugerð, sem taka skyldi gildi hinn 1. september 1958, tjáði Ólafur sig fúsán til að fara ásamt forsætis- og utanríkisráðherra á fund með aðstu mönnum í Atlants-hafsráðinu, ef íslenzka stjórnin krefðist þess, að það væri kvatt saman í því skyni að koma í veg fyrir herhlaupið hingað. Tillögur Sjálfstæðismanna í þessa

átt og tilboð Ólafs var að engu haft og hófst hernaðarástand á Íslands miðum þá um haustið.

Hinn 4. desember 1958 baðst Vinstristjórnin lausnar vegna ágreinings um meðferð efnahagsmálanna. Á næstu vikum voru kannaðir ýmsir möguleikar til stjórnarmyndunar þ. á m. af Ólafi Thors. Þar sem aðrir fengust ekki til að fallast á þau skilyrði, sem Ólafur og flokkur hans settu, taldi Ólafur sér ekki fært að halda þeim tilraunum áfram. Endalokin urðu þau, að Emil Jónsson myndaði minnihlutastjórn Alþýðufloksins hinn 23. desember. Fyrir afstöðu sinni og floksins gerði Ólafur Thors grein í landsfundarræðu, sem hann hélt hinn 11. mars 1959. Hann segist þar hafa tekið að sér hinn 12. desember að reyna að mynda stjórn, en tilkynnt forseta Íslands hinn 17. s. m., að tilraun sín til stjórnarmyndunar hefði ekki lánaðt. Skilyrði floksins voru þessi:

„1. Að tafarlaust yrðu gerðar ráðstafanir til að stöðva verðbólgunu.

2. Að lögfest yrði á þessu þingi sú breyting á kjördæmaskipuninni, að tryggt sé, að Alþingi verði skipað í slíku samræmi við þjóðarviljann, að festa í þjóðmálum geti náðst.“

Ennfremur sagði Ólafur í ræðunni hinn 11. mars:

„Höfuðástæðan til þess að Sjálfstæðisflokknum tókst ekki stjórnarmyndunin, var sú, að við kröfðumst þess, að kosningar faeru fram á þessu vori. — Framsóknarflokkurinn og kommúnistar lögðu hins vegar megináherzlu á að fresta kosningum þar til 1960, í von um að gleyskan mundi milda refsíðom þjóðarinnar yfir þeim. Auk þess var Framsóknarflokkurinn alls ekki viðmælanlegur um kjördæmamálið, og kommúnistar þungir fyrir um stöðvun verðbólgunnar, a. m. k., ef kjósa ætti í vor. Sennilegt var að okkur hefði auðnaðt að ná samkomulagi við Alþýðuflokkinn, en það töldum við of veikt, þar eð þessir flokkar hafa ekki meirihluta í efri deild og ráða því ekki lagasetningunni einir.

Fól nú forseti Íslands formanni Alþýðufloksins að gera tilraun til myndunar þingræðisstjórnar. Buðum við honum þá að verja hann vantrausti, gegn því að hann féllist á tillögur okkar um stöðvun verðbólgunnar og héti því, að flokkur hans flytti með Sjálfstæðisflokknum frumvarp um kjördæmabreytingu á þeim grundvelli, sem báðir flokkarnir þá höfðu aðhyllzt. Ennfremur skildum við það til, að þing yrði rofið og kosningar látnar fram fara í vor, hvernig svo sem stjórnarskrárbreytingunni reiddi af.

Varð þetta að ráði og myndaði Emil Jónsson stjórn sína hinn 23. desember síðast liðinn.“

Á framhaldsþinginu fyrri hluta árs 1959 voru síðan gerðar bráðabirgðaráðstafanir í efnahagsmálum, en mikil þóf varð um kjördæmabreytinguna. Til að koma henni fram, þurfti samkomulag við Alþýðubandalagsmenn. Þótt sam-

komulag næðist skjótt um meginatriði, þá settu þeir lengi vel skilyrði um þingmannafjölda í einstökum kjördæmum, sem erfitt var að sætta alla sjálfstæðisþingmenn við. Reyndi mjög á lipurð Ólafs, að koma málínu fram, og var það margra skoðun, að án hennar hefði það þá strandað. Að lokum fór svo, að stjórnarskrárbreytingin var samþykkt með atkvæðum allra þingmanna annarra en Framsóknar.

Þing var rofið og efnt til kosninga hinn 28. júní 1959. Í þeim kosningum fengu Sjálfstæðismenn 42.5% atkvæða og 20 þingmenn kosna, Framsóknarflokkur 27.2% og 19 þingmenn, Alþýðubandalag 15.3% og 7 þingmenn, Alþýðuflokkur 12.5% og 6 þingmenn, Þjóðvarnarflokkur fékk 2.5% og engan þingmann. Var nú greiður vegur fyrir samþykkt stjórnarskráfrumvarps og nýrra kosningalaga á sumarþingi, sem haldið var í ágústmánuði. Voru hin nýju stjórnskipunarlög staðfest hinn 14. ágúst 1959. Samkvæmt þeim fóru fram kosningar aftur hinn 25. og 26. október. Fengu Sjálfstæðismenn þá 39.7% atkvæða og 24 þingmenn kosna, Framsóknarflokkur 25.7% og 17 þingmenn, Alþýðubandalag 16.0% og 10 þingmenn, Alþýðuflokkur 15.2% og 9 þingmenn, Þjóðvarnarflokkur fékk 3.4% og engan þingmann kosinn.

Rókrétt afleiðing kosningaúrslitanna 1959 var sú, að Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur mynduðu ríkisstjórn. Ólafur Thors tók að sér stjórnarmyndun og gengu samningar um hana greiðlega. Hin nýja stjórn tók við hinn 20. nóvember 1959 sama dag og Alþingi kom saman. Ólafur varð forsætisráðherra. Auk hans voru í stjórninni, af hálfu Alþýðuflokkssins Emil Jónsson, Gylfi P. Gíslason og Guðmundur Í. Guðmundsson, en af hálfu Sjálfstæðismanna Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson og Bjarni Benediktsson. Ólafur gerði svohljóðandi grein fyrir stefnu stjórnarinnar um leið og hann tilkynnti myndun hennar á Alþingi:

„Að undanförnu hafa sérfræðingar unnið að ýtarlegri rannsókn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Skjótlega eftir að þeirri rannsókn er lokið, mun ríkisstjórin leggja fyrir Alþingi tillögur um lögfestingu þeirra úrræða, er hún telur þörf á. Athuganir hafa þó þegar leitt í ljós, að þjóðin hefur um langt skeið lifað um efni fram, að hættulega mikill halli hefur verið á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd, tekin hafa verið lán erlendis til að greiða þennan halla og að erlend lán til stutts tíma eru orðin hærri en heilbrigrt verður talið. Munu tillögur ríkisstjórnarinnar miðast við að ráðast að þessum kjarna vandamálanna, þar eð það er meginstefna ríkissstjórnarinnar að vinna að því, að efnahagslíf þjóðarinnar komist á traustan og heilbrigðan grundvöll, þannig að skilyrði skapist fyrir sem örastri framleiðsluaukningu, allir hafi áfram stöðuga atvinnu og lífskjör þjóðarinnar geti í framtíðinni enn farið batnandi. Í því sambandi leggur ríkisstjórnin

áherzlu á, að kapphlaup hefjist ekki á nýjan leik milli verðlags og kaupgjalds og að þannig sé haldið á efnahagsmálum þjóðarinnar, að ekki leiði til verðbólgu.

Til þess að tryggja, að þær heildarráðstafanir, sem gera þarf, verði sem réttlátastar gagnvart öllum almenningi, hefur ríkisstjórnin ákveðið:

1. að hækka verulega bætur almannatrygginganna, einkum fjölskyldubætur, ellilífeyri og örorkulífeyri.
2. að afla aukins lánsfjár til íbúðabygginga almennings.
3. að koma lánasjóðum atvinnuveganna á traustan grundvöll.
4. að endurskoða skattakerfið með það fyrir augum fyrst og fremst að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.

Varðandi verðlag landbúnaðarfurða mun reynt að fá aðila til að semja sín á milli um málið. Ella verður skipuð nefnd sérfræðinga og óhlutdrægra manna, er ráði fram úr því.

Ríkisstjórnin mun taka upp samningu þjóðhagsáætlanu, er verði leiðarvísir stjórnarvalda og banka um markvissa stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, beita sér fyrir áframhaldandi uppbyggingu atvinnuveganna um land allt og undirbúa nýjar framkvæmdir til hagnýtingar á náttúruauðlindum landsins.

Pá þykir ríkisstjórninni rétt að taka fram, að stefna hennar í landhelgismálínu er óbreytt, eins og hún kemur fram í samþykkt Alþingis hinn 5. maí 1959.“

Samstarf innan þessarar ríkisstjórnar varð þegar með öðrum hætti en áður hafði tíðkazt. Úr sögunni var hin stöðuga togstreita og hrossakaup. Nú var gengið beint að lausn þeirra málefna, sem fyrir lágu, í stað umhugsunar um, hvers krefjast bæri af hinum aðilanum, ef slakað væri til eða við óskum hans orðið. Við undirbúning lausnar efnahagsmálanна var mjög haft samráð við þá Jónas Haralz og Jóhannes Nordal, og fékk Ólafur miklar mætur á þeim báðum. Árangurinn kom fram í lögum um efnahagsmál frá 20. febrúar 1960, sem öllum kemur saman um, að mjög hafi mótað efnahagsþróunina síðan og fært hana í frjálslegra horf, svipað því, sem ráðgert hafði verið 1950 en þá varð minna úr en vonir höfðu staðið til.

Áður hafði oft reynt á Ólaf í landhelgismálínu, og lagði hann allt frá því, að stjórn hans tók við 1959, áherzlu á, að halda þannig á málum, að deilan við Bretta magnaðist ekki. Í fyrstu stóðu vonir til, að málið kynni að leysast á seinni Genfar-ráðstefnunni, vorið 1960, svo varð þó ekki. Áður höfðu Bretar kvatt flota sinn í burtu um sinn, til þess að greiða fyrir lausn, og eftir ráðstefnuna gáfu íslenzk stjórnaryöld brezkum togaramönnum upp sakir. Engu að síður urðu nýir árekstrar sumarið 1960, svo alvarlegir, að litlu mátti muna, að stórfelld slys hlytust af.

Pá var ákveðið, innan ríkisstjórnarinnar, að gera úrslita-tilraun um að koma

sáttum á og leitast í því skyni fyrir um fund forsætisráðherra beggja þjóða, þeirra Harolds Macmillans og Ólafs Thors. Þessi fundur varð haustið 1960, þegar Macmillan hélt vestur um haf, og áttu þeir Ólafur langt samtal á Keflavíkurflugvelli. Vann Ólafur þar Macmillan til skilnings á nauðsyn okkar, þótt enn væri eftir að semja um einstök atriði. Með þessu samtali var grundvöllur lagður að lausn málsins og þar með að einum stærsta stjórnmalasigri Íslendinga. Guðmundur Í. Guðmundsson utanríkisráðherra hafði forystu um áframhaldandi samninga, og tókust þeir þá um veturinn, og var samkomulagið um lausn fiskveiðideilunnar gert hinn 11. mars 1961.

Ólafur Thors hafði ötula forystu um allar þessar ráðstafanir eftir því, sem á þurfti að halda. En þegar nýr vandi skapaðist vegna óhóflegra kauphækkanum, fyrri hluta sumars 1961, og gera þurfti gagnráðstafanir af þeim sökum, var ljóst, að hjá honum kenndi þreytumerkja. Varð það því að ráði, að hann tók sér hvíld frá störfum haustið 1961 frá því um miðjan september til ársloka. Dvaldi hann lengst af þess tíma vestan hafs hjá dóttur sinni, Ingibjörgu, og manni hennar, Þorsteini Gíslasyni.

Af þessum sökum kom Ólafur ekki á 14. Landsfund Sjálfstæðisflokkssins, sem settur var hinn 19. október 1961. Í hans stað setti Bjarni Benediktsson fundinn og mælti á þessa leið:

„Ég leyfi mér hér með í forföllum formanns Sjálfstæðisflokkssins að setja 14. Landsfund Sjálfstæðisflokkssins og býð alla fulltrúa velkomna til starfa.

Eins og kunnugt er, hefur formaður flokkssins, Ólafur Thors, að læknisráði tekið sér frí frá störfum til næstu áramóta. Dvelur hann nú ásamt frú sinni hjá dóttur þeirra og tengdasyni í Bandaríkjunum. Áður en hann hvarf af landi brott skrifaði hann mér svohljóðandi bréf:

„Góði vinur.

Enda þótt hvíldin sé enn ekki löng, finn ég að hún hefir gert mér mjög gott, og auðvitað er ég því feginn og hlakka til að mega varpa af mér a. m. k. að mestu leyti daglegu striti og áhyggjum fram til áramóta.

Heilsan er eins og bezt verður á kosið. En þrátt fyrir það hefi ég nú tekið þá óbifanlegu ákvörðun að maelast undan endurkjöri sem formaður flokkssins. Treysti ég því, að flokksráðið, Landsfundurinn og aðrir flokksmenn geri sér ljóst, að það er ærið starf manni á mínum aldri að gegna því ábyrgðarmikla embætti, sem mér hefur verið trúað fyrir.

Traustið, vináttuna og ástúðina, sem flokksmenn hafa sýnt mér og sem ég vona að mega njóta áfram, fæ ég aldrei fullþakkað og freista þess ekki að lýsa með orðum, hver styrkur það hefir verið mér í starfi mínu.

Ég vona, að nú sem fyrr svífi andi einingar og vináttu yfir vötnunum og að göfugar hugsjónir, samfara raunsæi, marki störf og stefnu fundarins, landi og lýð til blessunar.

Með einlægri vinarkveðju til ykkar allra.

Ólafur Thors.“

Ekki þarf að eyða orðum að því, að öllum er okkur það næst skapi að hafa að engu þá ákvörðun Ólafs Thors, sem í þessu bréfi greinir. En sjálfur segir hann, að hún sé óbifanleg, enda verðum við að játa, að hann hefur nú þegar lagt svo mikil af mörkum fyrir flokk okkar, að meira verður ekki krafizt. Hann átti manna mestan hlut að því, að Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður með samruna Íhaldsfloksins og Frjálslynda floksins. Frá upphafi hefur hann helgað Sjálfstæðisflokknum starfskrafa sína og verið formaður floksins frá 1934 fram á þennan dag. Tilvera floksins og viðgangur er Ólafi Thors fremur að þakka en nokkrum öðrum manni. Pakklæti okkar til hans er þess vegna meira en með orðum verði lýst. Hann hefur ekki aðeins verið ágætur floksforingi, heldur varpað ljóma yfir flokkinn sem mikilhæfasti stjórn málamaður sinnar samtíðar á Íslandi. Þó að hann hætti að vera formaður, heldur hann áfram að vera aðalmaður Sjálfstæðisfloksins og auðvitað kjósum við hann í miðstjórn nú sem fyrr. Enda vonum við öll, að hann taki aftur við starfi forsetirisráðherra um áramótin og að hann eigi óunnin mörg afrek í íslenzkum stjórn málum. Ég veit, að ekki þarf að bera undir atkvæði þá tillögu, að fyrsta verk fundarins verði að senda honum og hans góðu konu innilegar þakkir og árnaðaróskir.“

Þetta var hinn fyrsti og eini Landsfundur, sem háður var meðan Ólafur var á lífi, sem hann sótti ekki. Ætíð ella setti hann sitt svipmót á fundina. Um áhrif hans og athafnir innan Sjálfstæðisfloksins væri ærið efni að rita heila bók. Engin tök eru á að rekja þetta hér umfram það, sem lýst hefur sér í frásögninni hér að framan. Af henni sézt, að Ólafur átti öðru hverju að etja við harðan mál-efnaágreining innan floksins. En aldrei varð þess vart, að sá ágreiningur næddi til formennsku hans. Á Landsfundum var hann ætíð kosinn samhljóða — eða svo til — í miðstjórn og síðan sem formaður í einu hljóði.

Þó að Ólafur segði af sér formennsku á Landsfundi 1961, var hann eftir sem áður kosinn í miðstjórn og sat þar til dauðadags.

Ólafur tók við stjórnarstörfum aftur í ársbyrjun 1962. En þegar kom fram á árið 1963, urðu þreytumerki á honum enn á ný augljós, ekki sízt á Landsfundi floksins þá um vorið fyrir kosningarnar. Í kosningahríðinni sjálfri lét Ólafur hins vegar hvergi á sjá. Átti stjórnin og þá einkum Sjálfstæðisflokkurinn góðum

sigri að fagna, því að hann fékk 41.4% af atkvæðum og 24 þingmenn kosna, Framsóknarflokkur fékk 28.2% og 19 þingmenn, Alþýðubandalag 16.0% og 9 þingmenn og Alþýðuflokkur 14.2% og 8 þingmenn.

Fyrir kosningarnar höfðu stjórnarflokkarnir báðir lýst yfir því, að þeir mundu halda áfram samvinnu, ef þeir hlytu fylgi til þess. Svo varð, og hélt stjórnarsamstarfið því áfram snurðulaust, þrátt fyrir kosningarnar. Er það einsdæmi í sögu íslenzks þingræðis.

Eftir kosningarnar vann Ólafur að sættargjörð við verkalýðsfélögin. Enda hafði hann hvað eftir annað á undanförnum misserum reynt að koma á samkomulagi um, að hinir betur launuðu dokuðu við í kröfugerð á meðan allir sameinuðust um að bæta hag hinna verst settu. Slíkt samkomulag tókst þó ekki, og samkomulagið í júní 1963 var einungis um frest á frekari kröfugerð til hausts. Um sumarið mögнуðust ýmis efnahags-vandamál, ekki sízt eftir að kjaradómur hafði í júlí-byrjun kveðið á um laun starfsmanna ríkisins. Um haustið sauð upp úr, og vegna allsherjar kröfugerðar og yfirvofandi verkfalla bar stjórnin fram frumvarp til laga um að banna verkföll á meðan á samningum stæði og til áramóta 1963–1964. Gegn þessum tillögum brugðust verkalýðsfélögin hið versta, og horfði þá til fullkominna vandræða, þar til samkomulag náðist hinn 9. nóvember 1963. Upphafsmáður þess var Eðvarð Sigurðsson, sem leitaði til Ólafs Thors, en Ólafur lagði höfuðáherzlu á, að samkomulag tækist. Hélt hann f því tilefni sína síðustu ræðu í stjórnarsessi, svohljóðandi:

„Herra forseti! Í gærkvöldi og í dag hafa farið fram viðræður milli ýmissa forystumanna launþegasamtaka og ríkisstjórnar. Hafa þeir tjáð ríkisstjórninni, að þeir munu beita sér fyrir því, að verkföllum þeim, sem nú standa yfir og þeim, sem boðuð hafa verið, verði frestað og að ekki verði stofnað til nýrra verkfalla, a. m. k. fram til 10. desember n. k., enda verði frumvarp um launamál o.fl. ekki afgreitt meðan svo stendur. Þar sem það var megintilgangur þessa frumvarps að fá ráðrúm til undirbúnings efnahagsaðgerða og til viðræðna um kjaramál, telur ríkisstjórnin að svo vöxnu máli ekki rétt að ljúka nú endanlegri afgreiðslu frumvarpsins og leggur til, að atkvæðagreiðslu við þessa síðustu umræðu málsins á Alþingi verði frestað.“

Þó að Ólafur slakaði hvergi á í þessari hríð, var hann nú mjög farinn að láta á sjá. Hann hafði legið veikur vikum saman sumarið áður, að vísu orðið hressari, þegar fram á haustið kom, og farið á fund forsætisráðherra Norðurlanda. Þegar hann kom heim aftur rétt fyrir þingbyrjun, var honum samt efst í huga að biðjast lausnar. Vegna þess hversu ófriðlega horfði og skammur tími var til stefnu, hvarf hann þó frá því þangað til betur hentaði. Strax og nokkurt hlé varð á létt

hann verða úr ákvörðun sinni og sendi frá sér svohljóðandi tilkynningu 12. nóvember 1963:

„Læknar míni hafa tjáð mér, að mér sé nauðsynlegt að taka mér algera hvíld frá störfum í nokkra mánuði. Ég get því ekki unnið að lausn hinna ýmsu vandamála sem framundan biða.

Haustið 1961 stóð svipað á fyrir mér. Tók ég mér þá hvíld frá störfum í þrjá mánuði. Ég tel ekki rétt að hafa sama hátt á nú og hef því ákveðið að biðjast lausnar frá embætti mínu.

Reykjavík, 12. nóv. 1963.
Ólafur Thors.“

Hann sótti síðan um og fékk lausn frá embætti forsætisráðherra hinn 14. nóvember og vildi svo til, að það var réttu 31 ári eftir að hann fyrst hafði verið skipaður til þess að vera ráðherra. Hefur enginn mannsaldur verið atburðaríkari á Íslandi né líklegri til frambúðarheilla.

Skömmu eftir að Ólafur hafði fengið lausn frá embætti hélt hann enn vestur um haf til Ingibjargar dóttur sinnar. Þar fékk hann nokkurn bata og kom heim aftur að áliðnum vetri. Prátt fyrir fjarvistir vildi Ólafur fylgjast með því, sem gerðist í stjórnálum, og kom heim fyrr en ella vegna síns lifandi áhuga á því, sem var að gerast. Þá um vorið kom hann oftast á flokkfundi og tók þátt í umræðum þar, þó að hann vildi ekki að svo stöddu setjast á Alþingi.

Um sumarið sýndist heilsa hans enn fara batnandi, og ætlaði hann þá um haustið að taka sæti sitt á þingi. Hann stjórnaði sem aldursforseti fyrsta þingfundi og minntist þá fagurlega frú Dóru Þórhallsdóttur, sem andazt hafði skömmu áður. Nokku síðar sat Ólafur fund flokksráðs Sjálfstæðismanna og flutti þar tillögu til styrktar sínum fyrri félögum í ríkisstjórninni. Örfáum dögum síðar hrakaði heilsu hans á ný, og kom hann ekki eftir það á mannamót. Hann var þó lengst af á fótum fram á þriðja jóladag. Þá þyrmði yfir um veikindin, og var hann síðan fluttur á Landakotsspítala, þar sem hann andaðist að morgni hins 31. desember 1964.

Útför hans var gerð að viðstöddu miklu fjölmenni hinn 5. janúar næstan á eftir, og flutti séra Bjarni Jónsson prýðilega útfararræðu í Dómkirkjunni.

Bæði andstæðingar Ólafs Thors og stuðningsmenn hans létu svo um mælt, að þeim þætti svipminna á Íslandi eftir lát hans en áður. Að sjálfsögðu féll Ólafur mönnum misjafnlega vel í geð. Hann eignaðist harða andstæðinga, en því fleiri vini, og þótti flestum þeirra meira til um Ólaf en aðra menn, er þeir höfðu kynnzt.

Ólafur var maður vörpulegur í vexti, í hærra lagi og samsvaraði sér vel. Á yngri árum var hann dökkur yfirlitum, ætíð með mikil hár, sem gerðist grátt

eftir því, sem aldur færðist yfir hann. Hann bar sig ætið manna bezt, var vel klæddur, á seinni árum með nokkum fyrri tiðar blæ, og duldist engum, að þar fór höfðingsmaður.

Í umgengni var Ólafur léttur og kátur, brá oft á glens og gerði að gamni sínu. Heim að sækja var hann manna veitulastur og þá stundum nokkuð „staupastór“, eins og Eiríkur frá Hæli komst að orði í gamankvæði. Hins vegar var hann tregur til að sækja veizlur ammarra, hvort heldur í heimahúsum eða þar sem meira fjölmennis var að vænta. Hann var vanur því að vera hrókur alls fagnaðar, hvar sem hann kom, og voru samkvæmi honum því meiri áreynsla en ýmsum öðrum.

Til heiðursmerkja var afstaða Ólafs svipuð og til heimboða. Hann vildi helzt komast hjá að þiggja þau. Eftir því sem árin færðust yfir hann söfnuðust honum þó fjölmög virðingarmerki, en vænst hygg ég honum hafi þótt um heiðurgjöf, sem ungrir Sjálfræðismenn færðu honum vegna forystu hans um endurreisn lýðveldisins.

Heima fyrir undi Ólafur bezt hversdagslegum lifnaðarháttum. Starf hans var slíkt, að hann átti sjaldnast öruggar næðisstundir. Hann hafði frá æskuárum mikinn áhuga á mannaþaflí og vildi ætið styðja þá íþrótt. Ekki stundaði hann hana þó sjálfur, a. m. k. á seinni helmingi ævinnar. En bridge-maður var hann ágætur, og hafði af fáu meiri ánægju en að spila það við jafnoka sína. Á yngri árum hafði Ólafur gaman af að renna fyrir lax í Haffjarðará og brá sér einnig á þeim árum oft á hestbak; átti þá gæðinga og mikla fjörhesta. Fékk hann þá eitt sinn byltu, sem hann mun seint eða ekki hafa náð sér til fulls eftir. Hin síðari ár naut hann löngum veru sinnar austur við Pingvallavatn og hafði það þá til að fara eldsnemma á fætur til þess að vera úti á vatninu við sólarupprás.

Annars fór mikill hluti af tíma Ólafs heima fyrir í símtöl. Hann var um sumt óformlegur í starfsháttum og hirti ekki ætið um að kalla lögskipaða aðila til samráðs á formlegum fundum, né að láta menn ná í sig á fyrirfram bundnum tíma á starfsstofu. Enda vildu fundahöld undir stjórn Ólafs á stundum verða helzt til langvinn af því, að hann lét gamminn geisa. En því tregari sem hann var til reglulegra fundahalda, því ólatari var hann til samráðs í síma við þá, sem hann tók mark á.

Því að það er hinn mesti misskilningur, sem Ólafi var öðru hvoru brugðið um, að hann væri maður fljótráður úr hófi. Hann var að vísu allra manna fljótastur að átta sig, skildi skjótlega kjarna hvers máls, en vissi vel, að það hefur margar hliðar. Þess vegna mat hann mikils að geta ráðgazt við aðra og tók sjaldan ákvarðanir nema að mjög vel athuguðu máli.

Hins vegar hafði Ólafur það til, að vera nokkuð stórorður og fullyrðingsamur. Það átti rætur í tilfinningahita, sem gerði hann með áhrifaríkustu ræðu-

mönnum. Að sjálfsögðu tókst Ólafi eins og öllum öðrum misjafnlega til í ræðumennsku, og aldrei var það nema eins og svipur hjá sjón að hlusta á hann í útvarpi. Bezt heppnaðist honum, þegar mest á reið, og þá helzt í harðri orðasennu, enda varð honum þá aldrei crða vant. Og þó —, sjaldan hygg ég, að ég hafi orðið hrifnari af ræðumennsku Ólafs en austur á Rangárvöllum á heraðsmóti, sem þar var haldið, sennilega 1938, í Rangæingabúð, tjaldi, sem Jón Ólafsson hafði gefið. Þar stóð maður við mann og urðu ræðumenn að klifra upp á kassa til að sjá þó yfir söfnuð sinn.

Sá eiginleiki, að geta náð til annarra við hinár erfiðustu aðstæður, er stjórnmálamanni ómetanlegur. Gaman-yrða hjúpurinn, sem Ólafur hafði lag á að bregða yfir sig, gerði honum léttara, en réði ekki úrslitum. Par réði mestu hans næmi mannlegi skilningur og viljinn til þess að leysa hvers manns vandræði.

Greiðvikni Ólafs var frábær. Stundum var hann sakáður um að vera helzt til ör á loforð og var reynt að nota það til að vekja gegn honum tortryggni. Munu þó allir hafa sannfærzt um það áður en lauk, að ekki var til raunbetri maður en Ólafur Thors. Hann ætlaði öllum mönnum gott, þangað til hann reyndi þá að öðru. Bjartsýni hans var með fágætum. Því kvað Eiríkur frá Hæli, og töldu þeir, er gerst bekktu, sannmæli:

„Ólaf ég annan kenni
allmikinn fyrir sér;
sá, sem er mikilmenni,
manndóm í svípnun ber.

Ólafur gæfugöngu
gekk inn í flokkadans,
vantrúin varð að öngu,
vék fyrir trúnni hans.
Blysför bjó fyrir löngu
bjartsýni þessa manns.“

Bjartsýni Ólafs var því aðdáunarverðari sem ranglát kjördæmaskipun torveldaði lengst af mjög framgang hugðarefna hans. Ólíkt fylgisminni andstæðingar höfðu löngum meiri eða ámóta mikinn þingstyrk og Sjálfstæðisflokkurinn. En bjartsýni Ólafs var samfara óbilandi þrautseigju við að sækja að því marki, sem hann hafði sett sér. Samninga-lipuð hans var viðbrugðið, enda tókst honum á stundum að laða til samstarfs þau öfl, sem ólíklegast þótti, að saman mundi ná.

Ólafur var á sinn veg ráðíkur maður, vildi fá það fram, sem hann ætlaði sér, og gat orðið þykkjuþungur, ef þeir brugðust, sem hann setti traust sitt á.

Sízt af öllu kærði hann sig um að eiga jábræður í kringum sig, en mat samt ósjálfrátt meira þá, sem honum fylgdu, en hina, er andsnúrir voru. En á engum vildi hann niðast og var allra manna sáttfúsastur, þegar hann taldi heilindum að mæta. Annað mál er, að hann kunni líka að gjalda lausung við lygi.

Fátt gramdist Ólafi meira en þegar talað var um stjórnmálamenn með óvirðingu. Hann vildi aldrei viðurkenna, að þeir væru nokkur sérstök manntegund. Hvað sem um það er, þá sýndi Ólafur í verki, að sá, sem tekið hefur að sér forystu, verður oft að gera fleira en gott þykir, og tjáir ekki að skorast undan þeim vanda, sem vegsemdinni fylgir. Í stjórnmálum verður sjaldan miklu áorkað nema til þess sé unnið og í sölurnar lagt það, sem þarf til að ná settu marki.

Ólafur Thors, ævi hans og athafnir, verða lengi í minnum manna hér á landi. Af honum verða margar sögur sagðar og um það rætt hverja þýðing hann hafi haft fyrir hina íslenzku þjóð. Um þetta sýnist mér enn hið sama og við Valtýr Stefánsson komum okkur saman um fyrir meira en aldarfjórðungi. Við ræddum þá um hverjuum við ættum að fylgja í hörðum innanflokkss-deilum. Báðir ákváðum við að fylgja Ólafi af því að við töldum það einstaka gæfu, ekki einungis fyrir flokk okkar heldur alla íslenzku þjóðina, að slíkur maður skyldi hafa valizt til forystu. Sú gæfa var að okkar viti fólgin í því, að úr hópi helztu framkvæmdamanna landsins skyldi — með fullu trausti þeirra — koma maður svo víðsýnn, frjálshuga og skilningsgóður á hag hinna lakar settu og einbeittur í að bæta kjör þeirra sem Ólafur Thors.